



THE **Lion**

Blað nr. 233

ÍSLENSK ÚTGÁFA



We Serve

Nóvember / desember 2005



***Gledileg
jól!***



*Lionsbláðið óskar öllum lesendum og velunnurum
gledilegra jóla og farsældar á komandi árum*



Nóvember / Desember 2005 Blað nr. 233
THE LION IN ICELANDIC
FJÖLUMDÆMI 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: dönsku, ensku, farski, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi THE LION á íslensku:
 FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið the Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20, 105 Reykjavík
 er opin frá kl. 12.00 til 15.00

Sími 561 3122
 Fax: 561 5122
 e-mail / netfang: lions@lions.is
 Heimasíða Lions: lions.is

Forsíðumynd:

Jón M. Jónsson, ljósmyndari, Lkl. Akureyrar

Ritstjóri:

Ólafur Briem
 Grundarlandi 22, 108 Reykjavík,
 Sími: 561 3122, netfang: lions@lions.is

Setning, umbrot, prentun:

Prentsmiðjan Gutenberg hf.
 Síðumúla 16, 108 Reykjavík

Umsjón auglýsinga: í blað 225 - Lkl. Njörður

í blað 226 - Lkl. Fjörgyn

í blað 227 - Lkl. Eir

í blað 228 - Lkl. Mosfellsbæjar

í blað 229 - Lkl. Fjölínir

í blað 230 - Lkl. Ösp

í blað 233 - Lkl. Hafnarfjarðar

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2005-2006

Fjöldumæmisstjóri: Geir Hauksson, Lkl. Hafnarfjarðar
 Umdæmisstjóri 109A: Guðmundur Rafnar Valtýsson,
 Lkl. Laugardals

Umdæmisstjóri 109B: Valdimar Þorvaldsson, Lkl. Akraness

Fjöldumæmisgjaldkeri: Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

Fjöldumæmisritari: Örn Gunnarsson, Lkl. Ásbirni

Fræðslustjóri: Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold

Félaganefndarstjóri: Margrét Jónsdóttir, Lkl. Fold

Félagastjóri: Daniel G Björnsson, Lkl. Munin

Útbreiðslustjóri: Pálmi Hannesson, Lkl. Garði

Alþjóðasamskiptastj. f.v. alþjstjm.: Jón Bjarni Þorsteinsson,
 Lkl. Mosfellsbæjar

Lkl. Mosfellsbæjar

LCIF stjóri: Halldór Svavarsson, Lkl. Hafnarfjarðar

Kynningarstjóri: Ólafur Vilhjálmsson Lkl. Ásbjörn

Unglingaskiptastjóri: Kristjana E Guðlaugsdóttir, Lkl./Esa

F.v. alþjóðastjórnarmaður: Björn Guðmundsson,
 Lkl. Kópavogs

Lions Quest stjóri/Ff.fjöldumæmisstjóri: Þórunn Gestsdóttir,
 Lkl. Eir

Medic Alert stjóri: Magnús B Einarsson, Lkl. Mosfellsbæjar

Menningarstjóri: Jón Eyjólfur Jónsson, Lkl. Nirði

Mínja og skjalavörður: Magnús Steingrímsson, Lkl. Vála

NSR AU nefndarmaður: Þór Steinarrson, Lkl. Fjörgyn

Ritstjóri Lionsbláðsins: Ólafur Briem, Lkl. Fjölíni

Prótókolls og Þingstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Nirði

Sjónverndar og heilbrigðisstjóri: Björn Guðmundsson,
 Lkl. Viðarri

Umhverfisstjóri: Sigrún Steinsdóttir, Lkl. Eir

Verkefnasjóðsstjóri: Guðmundur Finnbogason,
 Lkl. Skagastrandar

Verkefnastjóri „Mission 30“: Einar Þórðarson, Lkl. Fjörgyn

Varaumdæmisstjóri 109A: Björgúlfur Þorsteinsson,
 Lkl. Hafnarfjarðar

Varaumdæmisstjóri 109B: Jón Gröndal, Lkl. Nirði

Frankvæmdastjórn Lionsshreyfingarinnar 2005-2006:

International President Ashok Mehta

Immediate Past President Clement Kusiak

First Vice President Jimmy Ross

Second Vice President Mahendra Jayanthipal Chandima

Amarasuriya

Alþjóðastjórnarmenn 2005-2006:

Alþjóðastjórnarmenn á fyrra ári

Roy H. Barnette, South Carolina, USA

Robert J. Eichhorn, Louisiana, USA

Claus A. Faber, Germany

H. David Fiant, Indiana, USA

Ryu Fushimi, Japan

Terry Dale Graham, Ontario, Canada

Luis Gonzalo Guerrero Carrasco, Ecuador

Wayne Heiman, Wisconsin, USA

Miklos Horvath, Hungary

Sheikh Kabir Hossain, Bangladesh

Howard A. Jenkins, Mississippi, USA

Robert William Moore, New Jersey, USA

Beverly A. Roberts, Georgia, USA

Manoj Shah, Kenya

Philippe Soustelle, France

Dr. Jitsuhiro Yamada, Japan

L. Doug Sime, Massachusetts, USA

Alþjóðastjórnarmenn á seinna ári

Luis Alfredo Almansa

Sebastiao Braga, Belo, Horizonte, Brazil

Richard P. Chaffin, Forest, Virginia, USA

Bill Crawford, Encinitas, California, USA

Clifford (Cliff) S.A. Heywood, North Shore City, New Zealand

Jan A. Holtet, Rasta, Norway

Dr. Mikio Ishibashi, Otaru, Japan

Somsakdi Lovisuth, Bangkok, Thailand

Sergio Maggi, Bari, Italy

Samuel A. Milliken

Don Reese, Eunice, New Mexico, USA

G. Durward „Dur“ Roberson

Maynard Rucks, Minnesota, USA

A.P. Singh, Kolkata, India

Kee-Jung Woo, Kyung San, Republic of Korea

Ernest „Ernie“ Young, Jr., Landsing, Kansas, USA

Ritstjórapistill

Jól



Mesta hátíð ársins nálgast. Flóð auglýsingabæklinga flæðir gegnum bréfalúgur landsmanna um þessar mundir og bera þess merki að stórhátíð sé í nánd. Áður þótti við hæfi að þetta flæði hefist ekki fyrr en um mánaðamót nóvember/desember en á undanförunum árum hefur varla verið farið að hausta fyrr en ferðum fólks í endurvinnslu Sorpu með auglýsingabæklinga og dagblöð úttúnuð af jólaauglýsingum, að miklu leyti ólesin, fjölga að mun. Það eru nefnilega takmörk fyrir því hvað maður kemst yfir að lesa jafnvel þótt lesefnið sé að mestu í myndformi.

Það er langt síðan farið var að tala um að jólin væru orðin lítið annað en verslunarhátíð og stressvaldur með þeim afleiðingum að fólk væri því fegnast, þegar loksins væri búið að ljúka hápunktinum, afhendingu og móttöku jólagjafa, og þá komið að einni af unaðastundum jóla, hreinlega að missa meðvitund. Þetta er nú kannske ekki alveg svona slæmt, en er að undra þótt þreytu gæti eftir allt jólaumstangið og svo þá erfiðu ákvörðun hvað á að koma í stað rjúpunnar.

Fyrir þá sem yngri eru er þetta hluti jóla. Þeim sem eldri eru gefst tími til að rifja upp aðra tíma sem trúlega voru hvorki betri né verri og láta hugann reika til bernskuáranna, þegar hraðinn var ekki eins mikill en allt virtist ganga þótt það tæki lengri tíma en nú. Þetta hendir þann sem hér heldur á penna, enda kominn nokkuð til ára sinna. Samt held ég að stressið hafi ekki verið neitt minna. Þá, eins og nú, varð að klára allt fyrir jólin.

Eitt af því sem hefur verið ómiss-

andi þáttur í aðdraganda jóla er á rás er að ganga niður Laugaveginna á Þorláksmessu, þrátt fyrir Kringluna og Smáralind, bregða sér inn í búð til að hlýja sér eða koma við á einhverjum veitingastaðnum til að fá heitt súkkulaði í kroppinn og ekki verra að hafa vöflu og rjóma með. Annað sem hefur verið mér merki um nánd jóla er þegar fer að nálgast lokunartíma verslana á Þorláksmessu og aðfangadag. Umferð í minna lagi en fólk á harðahlaupum við að ná í búð fyrir lokun. Ég ræddi þetta við vinkonur mínar, fleiri en eina, þegar ég var að semja þennan pistil, og þær vildu halda því fram að þar væri ekki kvenfólk á ferð heldur karlar. Ég hef satt best að segja ekki tekið eftir þessu og hef ég þó oft fyllt þennan flokk

Eftir öll hlaupin finnst mér hápunktur jóla skella á með ógnarhraða þegar maður er kominn í kirkjuna, klukkan tifar og slær allt í einu sex. Það er þá sem þess er ekki langt að biða að presturinn hefji upp raust sína og segi:

„Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs.“

Þá finnst mér jólin komin. Það er þá sem jólafriðurinn færast yfir og manni verður hugsað til þeirrar gæfu sem maður er aðnjótandi að geta sótt messu á aðfangadagskvöldi. Það er þá sem maður líka hugsar til þeirra sem ekki eru eins lánsamir og óskar þeim guðs blessunar á þessari hátíðarstundu.

Það er von mín að þið eigið hamingjurík jól og að enginn fari í jóla-köttinn.

Ólafur Briem, ritstjóri

Efnisyfirlit:

Náttúruhamfarir 3

LCIF 5

Leiðtogaskólinn 6

Norðurlandaping 9

Verkefnasjóðurinn 10

Félagslíf 14-15

Unglingaskipti 16



Brennandi metnaður

Lions dagbókin 2005-2006

20.-2.1 janúar 2006	NSR þing í Finnlandi
25. febrúar 2006	Fjöldumæmis og ráðsfundur í Lionsheimilinu
29. apríl 2006	Fjöldumæmis og ráðsfundur í Lionsheimilinu
2.-3. júní 2006	Fjöldumæmis og umdæmisþing á Akranesi

Afmæli Lionsklúbba

Lkl.Nesþinga	35 ára	29. nóvember 2005
Lkl.Múli	35 ára	28. desember 2005
Lkl.Þór	50 ára	6. janúar 2006
Lkl.Hólmavíkur	45 ára	21. febrúar 2006
Lkl.Kaldá	20 ára	25. febrúar 2006
Lkl.Akureyrar	50 ára	10. mars 2006
Lkl.Keflavíkur	50 ára	7. apríl 2006
Lkl.Hafnarfjarðar	50 ára	14. apríl 2006
Ll.Garður	20 ára	18. apríl 2006
Lkl. Muninn	35 ára	20. apríl 2006
Lkl.Akraness	50 ára	22. apríl 2006
Lkl.Svanur	30 ára	30. apríl 2006
Lkl.Fáskrúðsfjarðar	40 ára	21. júní 2006

Bréf alþjóðaforseta, Dr. Ashok Mehta og formanns LCIF Dr. Clement F. Kusiak

Fellibylurinn Katrín

Blaðinu hefur borist bréf alþjóðaforseta og formanns LCIF þar sem þeir fjalla um skipulag hjálparstarfs Lions í kjölfar fellibylsins Katrínar. Þar sem efni þess í heild sinni á ekki erindi til Lionsfélaga hér á landi, er það birt hér nokkuð stytta.

Kæru Lionsfélagar,

Snemma morguns, mánudaginn 29. ágúst, urðu íbúar Flórída fyrir fellibylnum Katrínu sem geystist um strandhéruð og olli ómældum skaða. Fyrr en varði var 80% New Orleans, sem til stendur að haldi alþjóðþingið 2006, undir vatni og jafnvel nú þegar þetta er ritað er enn verið að meta tjónið. Langur tími getur liðið áður en við vitum í raun hve mikið tjónið hefur verið.

Vissulega er eyðileggingin sem fellibylurinn olli í Louisiana, Mississippi, Alabama og Flórída áhyggjuefni. Við finnum til með þeim sem þjást og sjá fram á óöruggi í framtíðinni. Við vitum um baráttuna fyrir hreinu vatni, mat og húsaskjólí svo ekki sé minnst á nauðsyn þess að geta snúið aftur til starfs og náms.

Lionsfélagar um heim allan samhryggjast þeim sem fyrir barði fellibylsins hafa orðið. En þeir eru ekki



einir í erfiðleikum sínum og þeim verður rétt hjálparhönd við uppbyggingu.

LCIF mun gera allt sem í þeirra valdi er til að hjálpa fólki sem varð fyrir tjóni vegna fellibylsins til að ná

áttum. Sjóðurinn hefur þegar lagt af mörkum 230.000 Bandaríkjadali og ákvörðun um frekari styrki mun tekin á næstunni. LCIF hefur stofnað sérstakan sjóð í þessu sambandi og eru framlög í sjóðinn þakksamlega þegin.

Eins og reyndin hefur verið á hamfaratímum áður, þá efumst við ekki um að Lionsfélagar vilji styrkja málefnið á annan hátt en með framlagi til LCIF. Til þess að samræma aðgerðir sjálfboðaliða sem koma vilja að málinu, þá hefur stjórnunarnefnd verið komið á lagginar til að annast milligöngu milli LCIF, Lionsfélaga í héruðum hamfaranna og Lionsfélaga sem óska að veita aðstoð sína í þessu efni. (Nánari upplýsingar um stjórnunarnefndarmenn má fá á Lionsskrifstofunni).

Við hörmum mannfall og allt það tjón sem orðið hefur og er það einlæg von okkar að uppbyggingin gangi vonum framar.

Bestu kveðjur,

Dr. Ashok Mehta,
alþjóðaforseti Lions

Dr. Clement F. Kusiak, formaður
LCIF, alþjóðahjálparsjóðs Lions.

Clement F. Kusiak, formaður stjórnar LCIF

Heimsókn á flóðasvæði

Í heimsókn minni til Indónesíu sá ég nokkuð sem ég mun aldrei gleyma. Stærðar flatbytna hlaðin kolum lá þarna á landi langt frá ströndinni. Þarna voru einnig dráttarbatar sem borist höfðu langt upp á land. Kraftur náttúruhamfaranna í desember 2004 hafði verið svo ofboðslegur að allt sem á vegi hans varð, hversu stórt sem það var, færðist úr stað. Það fór hrollur um mig að hugsa til þess hvernig sömu öfl brutu niður þorp án þess að íbúar fengju rönd við reist.

Auðvitað getum við ekki breytt því sem orðið er, en við Lionsfélagar getum hjálpað fólkinu að koma undir sig fótunum aftur eins og LCIF og Lionsfélagar í Suður-Asíu hafa reyndar verið að gera. Meðal þess sem hjálparsjóðurinn hefur látið af hendi rakna eru 900.000 Bandaríkjadali til hjálpar Lionsfélögum í Thailandi við að byggja upp Lionsþorp á Lanta eyju en þar



Clement F. Kusiak

eru í byggingu 80 heimili fyrir fiskimenn og gúmmíframleiðndur á eyjunni.

Í North Aceh héraðinu í Indónesíu hafa Lionsfélagar á svæðinu byggt 205 heimili fyrir þær fjölskyldur sem um sárt hafa átt að binda vegna hamfaranna. Bygging þessara heimila var fjármöggnuð af LCIF og með söfnunarfé Lionsfélaga á svæðinu. Framundan er einnig stuðningur LCIF við byggingu skóla og átælanir eru uppi um endurnýjun fiskibáta sem eyðilögðust í hamförunum. Lionsfélagar í Indónesíu og LCIF munu sameinast um byggingu 150 heimila og Lionsfélagar í Sri Lanka eru að byggja 3000 heimili fyrir fiskimenn og fjölskyldur þeirra.

Uppbyggingin er ekki auðveld og tekur langan tíma. Í mörgum héruðum er stjórn málaástand óstöðugt auk þess sem hreinlætisaðstaða og gatna-kerfi er í lamasessi. En það munar um staðfestu

LCIF og ykkar félaganna við uppbygginguna.



Eftir Dr. Ashok Mehta, alþjóðaforseta Lionshreyfingarinnar



LCIF

Brennandi metnaður við að leggja lið

Brennandi metnaður karla og kvenna í Lionshreyfingunni til árangurs við að leggja lið kemur best í ljós með stuðningi okkar við Alþjóðahjálpar-sjóð Lionshreyfingarinnar. Gjafmildi félaga um heim allan hefur gert sjóðnum kleift að aðstoða Lionsklúbba við byggingu spítala, heilsugæslustöðva, skóla, heimila



Dr. Ashok Mehta

fyrir eldri borgara, sjúkraþjálfun fyrir hefyhamlaða, að hjálpa ungu fólki að taka réttar ákvarðanir sem hafa áhrif á líf þess í gegn um Lions-Quest kerfið, að útvega ódýr há-gæða heyrnartæki og aðstoða fórnarlömb náttúruhamfara með bráðahjálp og langtíma uppbyggingaráætlunum. Og auðvitað eru framlög

LCIF til sjónverndarmála að færa milljónum sjónina með sjónverndarátakinu SightFirst II sem ætti að gera okkur mögulegt að nálgast daginn þegar við getum sagt að við Lionsfélagar höfum unnið sigur á blindu sem hægt er að koma í veg fyrir.

Dæmin sanna að LCIF færir fólki sem þess þarfnast mest heilsu, von og lækningu. Meðal styrkveitinga má nefna Special Olympics Opening Eyes program. Það hefur ekki farið hátt, en með því er fötluðu íþrótt-

fólki um heim allan boðin sjónskoðun og gleraugu endurgjaldslaut. Yfir 70.000 einstaklingar hafa notið góðs af og af þeim hafa 27.500 fengið gleraugu.

Allt þetta hafa Lionsfélagar gert mögulegt vegna þess að þeir hafa gert sér grein fyrir nauðsyn vaxtar og viðgangs LCIF með framlögum sínum. Alþjóðahjálpar-sjóðurinn er nú einn sá öflugasti sambærilegra sjóða vegna þess hve félagarnir hafa verið ötulir við stuðning allt frá stofnun sjóðsins árið 1968. Hann er dæmi um alþjóðlegt starf okkar og hefur orðið til þess að merki Lions er á heilsugæslustöðum þar sem náðst hefur árangur í baráttunni við augnsjúkdóma. Á ferðalögum mínum, einkum í heimalandi mínu, Indlandi, hef ég orðið vitni að því hvaða árangri Lionshreyfingin hefur náð með stuðningi LCIF.

Alþjóðahjálpar-sjóður Lionshreyfingarinnar gerir okkur kleift að hjálpa öðrum og gera draum margra að veruleika. Það er tæki til hjálpar Lionsfélögum að ná settu marki við að leggja lið. Höldum áfram göngunni fram eftir veg í sannfæringu þess að LCIF er besta tækið sem við höfum til að svara þörfum samfélagsins með brennandi metnaði.

Ég hvet ykkur til að tilnefna félagala klúbba, umdæmi eða verkefni til verðlauna með þátttöku í Lions Academy Awards. Tekið verður á móti tilnefningum til 31. desember 2005 en nánari upplýsingar um þessar viðurkenningar er að finna á heimsíðu samtakanna, lionsclubs.org og leita eftir „Lions Academy Awards form“.

Metnaður til að leggja ungu fólki lið

Starf í þágu ungs fólks er eitt af vinsælast af verkefnum Lionsklúbba. Ég hvet Lionsklúbba til að halda áfram liðveislu sinni við að skapa því möguleika til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Metnaður okkar felst í því að leggja lið með æskulýðsverkefnum eins og Leoklúbbum, ungingaskiptum og ungingabúðum, Lions-Quest, (að ná tókumá tilverunni), skátastarfi og friðarveggspjaldsverkefninu. Samvinna með ungu fólki er dæmigerð um metnað okkar til að ná árangri.

Það er áriðandi að allir Lionsklúbba-

ar styðji unglíngaverkefni. Eitt af þeim er **Lions verkefni til stuðnings börnum**. Viðbrögð klúbba við þessu verkefni hafa verið sérstaklega ánægjuleg þar sem klúbbar hafa brugðist vel við þörfum barna sem búa við erfiðar aðstæður með því að lát þeim í té menntun og heilbrigðisþjónustu. Ég bið alla klúbba að taka að sér að minnsta kosti eitt svona verkefni vegna fjölda þeirra barna sem þjást af fátækt, veikindum, fötlun eða ólæsi.

Unglíngaverkefnin eru fjölpætt og þau geta klúbbar valið eftir því hvað

hentar þeim. Leoklúbbarnir auka skilning ungs fólks á nauðsyn sjálfbóðaliðsþjónustu. Það sem þeim lærist með þátttöku sinni í Leoklúbba mun vara alla æfi og tryggja að framhald verði á þjónustu í anda sjálfbóðastarfsins jafnframt því sem það tryggir að ekki verði skortur í forustuliði sem skilur þörfina fyrir að leggja öðrum lið.

Í aprílmánuði samþykkti alþjóðastjórn „Spotlight on Children“ eða „Beinum sjónum okkar að börnum“ sem alþjóðaverkefni Leoklúbba. Með verkefni þessu eru Leoklúbbar hvattir til að sinna verkefnum fyrir börn sem um sárt eiga að binda. Lionsverkefni ungs fólks gefa til kynna þá sýn sem þú fyrir framtíð samfélags þíns og Alþjóðasambands Lionsklúbbar og bera vitni um brennandi metnað til árangurs.

Fréttatilkynning

Hin árlega jólakortasala Lionsklúbbsins Kaldár í Hafnarfirði er hafin. Erla Sigurðardóttir, myndlistarkona hannaði kortið í ár. Allur ágóði af sölnunni rennur til líknarmála en markmið klúbbsins er að leggja ýmsum góðum málefnum lið. Það hefur hann gert með kaupum á tækjum til sjúkrahöfnana, félagasamtaka og vistheimila, en einnig með margvíslegri annarri aðstoð.

Kortin eru seld 5 í pakka með umslagi, ýmist með texta eða án, og pakkinn kostar kr. 500.

Allar upplýsingar veitir formaður fjáröflunarnefndar Jóhanna Valdemarsdóttir í síma 899 9945.



Jólakveðja



Pingnefnd Lionsklúbba á Akranesi

sendir Lionsfélögum um land allt hugheilar jóla- og nýársóskir með von um farsælt komandi þingár öllum til handa.

Við vonumst til að sjá ykkur sem flest á

umdæmisþinginu 2006.

Pingnefnd Lionsklúbbs Akraness og Lionsklúbbsins Eðnu

Geir Hauksson, fjölumðæmisstjóri, Lkl. Hafnarfjarðar

Fjölgun á haustmánuðum

Það var sannarlega ánægjuleg stund að vera viðstaddur stofnskrárhátíð Lkl. Úlfars í Grafarholti föstudagskvöldið 18. nóvember. Það var hátíðleg stund að vera vitni að því þegar þessi föngulegi hópur skrifaði undir stofnskrárskjalið og fengu merkin sín.

Klúbburinn hefur þegar farið af stað með krafti. Fimm félagar voru í leiðtogaskólanum, einnig fór síðameistari á námskeið. Klúbburinn hefur þegar góð markmið framundan og fór ég fyrir stuttu á fræðslukvöld þeirra um barnaheilsu. Lkl. Njörður og Einar Þórðarson verkefnastjóri hafa haft veg og vanda af stofnun klúbbsins og munu standa við bakið á þeim fyrstu skrefin.

Annars var þessi helgi töluvert annasöm því á laugardagsmorgni voru umdæmisstjórnarfundir og eftir hádegi var fyrsta tilraun okkar til að halda menningarfund, sem var í Salnum í Kópavogi. Á dagskrá voru tónlistaratriði sem ungt fólk úr Orkester Norden flutti og einnig var Lionshreyfingin kynnt. Þetta tókst vel en gestir hefðu mátt vera fleiri. Að því loknu var fjölumðæmisráðsfundur þar sem ýmislegt bar á góma.

Í erindi fræðslustjóra kom fram að Leiðtogaskólinn hefði tekist vel og nemendur hefðu verið mjög jafngóðir í þetta sinn. Ekki gátu allir mætt sem skráðu sig og er það miður því skólanum fylgir ákveðinn kostnaður. Fjöldi annarra námskeiða er í boði og hvet ég klúbbana að notfæra sér þau. Félagastjóri sagði okkur að Kópavogsklúbbarnir hefðu staðið fyrir kynningarfundum á Lionshreyfingunni. Þetta var mikil vinna en skilaði inn nokkrum nýjum félögum, húrri fyrir þeim, þetta er jú ein leiðin, kynning. Aðrir embættismenn fluttu einnig skýrslur og virðist starfið vera í góðu lagi.

Ég sótti fund fjölumðæmisstjóra Norðurlanda í Helsinki fyrstu helgi í október. Þar var fjallað um samstarf Norðurlanda, sem er töluvert mikið, m.a. sameiginleg verkefni í A-Evrópu, um næsta þing Norræna samstarfsráðsins NSR sem verður haldið í Kuusamo, Finnlandi í janúar 2006, en þar næsta þing verður í Reykjavík í janúar 2007.

Næsti fundur fjölumðæmisstjórnanna var svo á Evrópuþinginu sem var haldið í Stuttgart í Þýskalandi 3.-5. nóvember. Þar var gerð lausleg grein fyrir kostnaði á þinginu í



Geir Hauksson.

Reykjavík og einnig rætt mikið um undirbúningskóla fyrir verðandi umdæmisstjóra. Evrópuþingið fór mjög

vel fram og skipulag gott svo sem Þjóðverja er von og vísa. Við vorum þarna fjórir Íslendingar, ég og kona mín ásamt Jóni Bjarna Þorsteinssyni og konu hans Guðrínu Ingvadóttur, en þau voru bæði með námstefnur á þinginu. Ég sótti þær báðar og nokkrar aðrar m.a. Sight First II og LCIF. Þar kom m.a. fram, þegar Clement Kusiak forstöðumaður sjóðsins sýndi mynd af framlagi Evrópulanda í söfnunina vegna hamfaranna í SA-Asíu, að framlag Íslands var 68.000 dollara. Þá hlýnaði manni um hjarta-ræturnar. Ég gæti trúað að þetta væri eitt metið enn, miðað við höfðatölu að sjálfsgöðu. Mér fannst þetta gott þing.

Það var haldið uppá sjónverndardag Lions 13. október á Kaffi Reykjavíkur. Þrjú frábærir augnlæknar voru þar með mjög góða kynningu á sjón-

verndarmálum og lærði ég mikið þar um þá hluti. En eins og oft áður þá hefði mæting mátt vera betri á svo góða fyrirlestra.

Eg var svo ásamt umdæmisstjórnunum viðstaddur skólaslit Leiðtogaskólans okkar og það var gaman að heyra og sjá hvað nemendur voru ánægðir bæði með námsefnið og kennsluna. Hvetur þetta okkur til að standa vel við bakið á skólanum áfram.

Haustið er liðið og veturinn kominn, en þó er ekkert skammdegi yfir starfsemi Lions því nú og framundan er sá tími sem mestur kraftur er í starfsemi klúbbanna, í desembermánuði eru einnig jólafundir og jólahlaðborð og glatt á hjalla. Ég vil að lokum færa öllum Lionsfélögum og fjölskyldum þeirra mínar bestu jóla- og nýárskveðjur.

Halldór Svavarsson, Lkl. Hafnarfjarðar, LCIF stjóri

\$- Útsala

þegar þetta er skrifað, er verðið á einum Bandaríkjadal rétt rúm- ar 60 krónur íslenskar.

Þetta leiðir hugann að því, að nú er rétti tíminn til að styðja við alþjóðlegt hjálparstarf Lions.

Verkefnin eru ærin og hjálpar er víða þörf.

Náttúruhamfarir víðsvegar í heiminum á síðustu mánuðum og hörmungar í kjölfar þeirra snerta hvern mann. Við getum lagt okkar af mörkum til aðstoðar með því að efla LCIF hjálparsjóðinn og um leið veitt einhverjum okkar góðu félaga viðurkenningu og gert hann að Melvin Jones féлага, það kostar aðeins 1000 dollara eða um 60.000 íslenskar krónur.

Hér er ástæðulaust að tíunda hörmungarnar sem við heyrum af og sjáum nær daglega í fréttum, en þessi fréttáflutningur hlýtur að nista hjarta hvers manns og konu.

Tökum þátt í hjálparstarfi og styðjum við LCIF. Frá upphafi hefur sjónvernd, aðstoð við sjónþappa og blindu, verið eitt af megin verkefnum Lionshreyfingarinnar. Nú er aftur hafið stóratök með Sight First verkefni.

Í mörgum þriðja heims löndum er skemmd á hornhimnu augna og



Halldór Svavarsson.

fljótblinda mjög alvarlegt heilsufarsvandamál. Nærri því á hverri einustu mínútu missir einhver sjón vegna þessara landlægu sjúkdóma. Lækning á fljótblindu er hinsvegar ekki flókin og ekki kostar nema rúman dollar að gefa barni sjón.

Kr. 100,- íslenskar = 1 barn fær sjónina.

Aftur getum við gert einhvern fé-

laga okkar að Melvin Jones féлага með því að merkja framlag til Sight-First II „Melvin Jones“. Klúbbar sem hafa litla peninga geta greitt lægra framlag inn í LCIF og þannig safnað upp í Melvin Jones féлага á fleiri árum.

Tökum ákvörðun og nýtum okkur lágt verð á dollar. Því fyrr sem framlag berst, því betra.

Leiðtogaskóli Lions á Íslandi

Haldinn í sjötta sinn í Munaðarnesi, á haustdögum 2005

Í yndislega fallegu haustveðri í október sl. settum við Leiðtogaskóla Lions í sjötta sinn. Að þessu sinni voru 30 Lionsfélagar skráðir til leiks en á síðustu stundu verða alltaf einhver forföll. Að þessu sinni luku 23 nemendur báðum helgunum. Eins og alltaf áður var þetta frábær hópur sem náði vel saman. Kennsludagskráin var þétt skipuð góðum fyrirlestrum sem nemendur lýstu ánægju sinni með.



Fremsta röð frá vinstri: Hringur Pálsson Lkl. Úlfari, Erla Stefánsdóttir, Lkl. Ýr, Katrín Karlsdóttir, Lkl. Ýr. Rannveig Ingvarsdóttir Lkl. Fold, Valgerður Baldursdóttir, Reykhóladeild Lkl. Búðardals, Einar Guðbjörnsson Lkl. Mosfellsbæjar. Miðröð frá vinstri: Kristinn Hannesson Lkl. Mosfellsbæjar, Þór Steinarsson Lkl. Fjörgyn, Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl. Mosfellsbæjar, Guðrún Yngvadóttir Lkl. Eik, Halldór Ingvarsson, Lkl. Grindavíkur, Ingi Már Grétarsson, Lkl. Fjörgyn, Tryggvi Kristjánsson, Lkl. Dalvíkur, Þórarinn Gunnarsson Lkl. Ásbirni, Ólafur Vilhjálmsson, Lkl. Ásbirni, Óskar Ólafsson, Lkl. Úlfari, Júlíus Eyjólfsson, Lkl. Úlfari, Arnbjörn Gunnarsson, Lkl. Grindavíkur, Andrés Ásmundsson, Lkl. Fjörgyn, Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold, Guðmundur R. Valtýsson, umdæmisstjóri 109 A, Geir Hauksson fjölumdæmisstjóri, Valdimar Þorvaldsson umdæmisstjóri 109 B. Efta röð frá vinstri: Einar Ásgeirsson, Lkl. Patreksfjarðar, Matthías Ágústsson, Lkl. Patreksfjarðar, Ívar Þórarinnsson, Lkl. Hafnarfjarðar, Jakob Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar, Gylfi Helgason, Reykhóladeild Lkl. Búðardals, Hákon Hákonarson, Lkl. Úlfari.

Að venju voru verkefni nemenda tengd aðalmarkmiðum alþjóðaforseta sem er „**Brennandi metnaður**“. Verkefni sem nemendur unnu sem hópverkefni á milli námskeiðshelganna báru nöfnin:

Brennandi metnaður til forystu, sterkur leiðtogi.

Brennandi metnaður í verkefnum, sjónverndaráttak 2005-2008, fjárflyunarleiðir.

Brennandi metnaður í verkefnum, sjónverndaráttak 2005-2008 kynningarátak f. klúbba og fjölmiðla.

Brennandi metnaður í félaga-fjölgun, öflun nýrra félaga-Plús 1.

Brennandi metnaður í félaga-gæslu, félaga-gæsla og þátttaka félaganna í klúbbsstarfinu.

Allir hóparnir unnu frábær verkefni sem við viljum gjarnan birta hér í blaðinu smátt og smátt til að kynna fyrir öðrum Lionsfélögum og nota ég þetta tækifæri til að hrósa öllum hópunum fyrir frábæra vinnu sem vonandi á eftir að nýttast þeim í Lionsstarfinu og okkur hinum líka. Að þessu sinni áttu nemendur líka að æfa heima og flytja stutta ræðu seinni helgina sem þau gerðu mjög vel. Mörg þeirra voru að flytja skrifaða ræðu í fyrsta sinn og það getur verið hár þröskuldur að yfirvinna.

Lionsskólinn tókst sem sagt með ágætum þetta árið og er það ekki síst að þakka samstarfs fólki mínu, kennurum og fræðslunefnd, og því frábæra starfsfólki sem er í Munaðarnesi.

Kæru Lionsfélagar um allt land, við félagar ykkar í fræðslunefnd Lionshreyfingarinnar sendum ykkur kveðju og segjum:

GLEÐILEG JÓL OG FARSÆLT KOMANDI LIONSÁR

*f.h. fræðslunefndar,
Hrund Hjaltadóttir fræðslustjóri Lkl. Fold.*

Brennandi metnaður

Styrk forysta

Verkefni unnið í Leiðtogaskóla Lions í Munaðarnesi

Haust 2005



Verkefnið unnu:
Andrés Ásmundsson Lkl. Fjörgyn
Arnbjörn Gunnarsson Lkl. Grindavíkur

Einar Guðbjörnsson Lkl. Mosfellsbæjar
Gunnar Vilbergsson Lkl. Grindavíkur
Halldór Ingvarsson Lkl. Grindavíkur
Ingi Már Grétarsson Lkl. Fjörgyn.

Hver var hinn brennandi áhugi á bak við þann grunn er lagði hönd að hugmyndafræði Lions?

Melvin Jones færði okkur boðskapinn um hvernig hægt væri að

nota þá ónýttu orku er fælist í hópi þeirra mörgu sem spjall ættu saman í kaffi- og matatímum. Hópum sem stofnuðu Lionsklúbba í hinum ýmsu löndum og urðu síðan þátttakendur í Alþjóðahreyfingu Lions. Hugmyndafræði Melvins og félaga er ýttu Lionshreyfingunni af stað með brennandi áhuga, hefur í gegnum árin skapað stærstu alheimshreyfingu þeirra er vilja veita lið.

„Brennandi metnaður“ mjög gott hugtak sem lýsir því átaki sem þörf

er á að fara í til öflunar nýrra félaga og leggja jafnvel enn meiri áherslu á að halda í þá sem eldri eru.

Hinn nýi alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar Ashok Mehta hefur sett sér það markmið að stækka hreyfinguna en skýrslur sýna að stöðnun hefur átt sér stað á undanförunum árum þ.e.a.s hreyfingin hefur ekkert stækkað síðastliðin tíu ár.

Þörf er á nýjum félögum til að koma með nýjar hugmyndir, nýja orku og nýjan anda, sem alltaf er

nauðsynlegur. Þess vegna þarf að gera hreyfinguna sem lýðræðislegasta, opna umræðuna, dreifa verkefnum og síðast en ekki síst gera hlutina skemmtilega.

Það er fyrir öllu að nýir félagar fái að láta ljós sitt skína og séu ekki kaffærðir í gömlum venjum og hefðum „sem alltaf hafa verið svona“. Hreyfingin verður að fá að þroskast og aðlagast mismunandi tímum og tíðaranda, hugsunum mismunandi kynslóða, karla og kvenna af mismun-

andi þjóðerni, litarhætti og menningu.

En til að þetta geti gerst verða eldri félagar að geta opnað hug sinn og horft til framtíðar með það markmið að það sem gerist hjá þeim í dag verði ennþá betra hjá öðrum á morgun, án þess þó að hreyfinginn missi sjónar á sínu upprunalega hlutverki.

Til að fá nýja féлага verðum við að kynna vel fyrir þeim um hvað málið snýst, markmið, framtíðarsýn og allt innra starfi.

Innra starf hreyfingarinnar er ekki síður áriðandi en ytra starfið, hjartað er fólkið sem stendur að málunum og ef hjartað er veikt þá er hreyfingin veik.

Það þarf að sýna því að með því að hjálpa öðrum, hjálpum við sjálfum okkur til að meta betur það umhverfi sem við lifum og hrærumst í og með samneyti við annað fólk lærum við að þekkja betur okkur sjálf. Að starfið sé lifandi án krafna og allir starfi eftir sinni getu, hæfileikum og vilja.

Til að halda í alla þá er í hreyfinguna ganga er áskorun út af fyrir sig. Fólk kemur og fer hvert á sínum forsendum. Það er verst ef fólk fer vegna þess að því finnst það ekki velkomið eða það fær ekki verkefni við sitt hæfi eða engin yfir höfuð. Hugmyndum þeirra sópað út af borðinu án skoðunar. Það bælt niður eða þarf að aðlaga sig að síðum sem engin veit hvers vegna eru þ.e.a.s „þetta bara er svona“ og það fær engar skynsamlegar skýringar á því „e.t.v. vegna þess að gömlum félögum finnst þetta eigi að vera svona.“

Það gildir að mörgu leyti það sama um nýja féлага sem hina eldri. Um leið og félögunum finnst þeir afskiptir eða þeir hafi ekki hlutverki að gegna dvínar áhuginn og menn fjara út eins og sagt er. Einnig má segja að fáir menn ekki umbun verka sinna með viðurkenningu eða hrósróðum finnst þeim e.t.v að það sem þeir leggja af mörkum sé einskis virði.

Til að hreyfingin stækki og eflist þurfa stjórnendur á hverjum tíma að vera vel vakandi yfir starfsemi, fylgjast vel með félögunum, og passa að enginn verði útundan og verkefnum sé úthlutað eftir hæfileikum og getu. Vera opnir fyrir nýjungum og skoða hvað er að gerast annarstaðar í öðrum klúbbum og félögum. Vega og meta hvað gangi í þeirra klúbbi og hvað ekki og hvaða forsendur séu bestar til að taka inn nýja féлага.

Allt þetta lítur út fyrir að vera flókið og kannski óyfistíganlegt en við höldum að svo sé ekki og ef fólk tekur höndum saman og ákveður að ná ákveðnum markmiðum er ýmislegt mögulegt. Það hefur hreyfingin þegar sýnt á mörgum sviðum og með

hinum ýmsu verkefnum. Það er okkar skoðun að hreyfingin ætti að efla námskeiðahald bæði fyrir nýja og gamla féлага. Eins og menn vita er það að halda ræðu úr ræðupúlti stærri þröskuldur en margir ráða við og því bendum við á þetta. Við bendum einnig á niðurstöðu úr bandarískri könnun þar sem 1000 Bandaríkjamenn voru spurðir: Hvað hræðist þú mest? Svar nr. 3 er að deyjja, svar nr. 2 hræðsla við snáka og þess háttar. En takið eftir svári nr. 1 það

er einmitt að standa fyrir framan hóp fólks og halda ræðu. Þessi niðurstaða styður skoðun okkar, aukið námskeiðahald, sterkari félagar.

Ræðumennskan og það hvernig menn bera sig að í ræðupúlti skiptir því gríðarlegu máli fyrir alla féлага. Það er af hinu góða að forystan skuli hafa sett sér það markmið að stækka hreyfinguna og sé tilbúin að styðja við bakið á klubbunum með fræðslu og viðurkenningum. Á þann hátt tekst ef til vill að stækka og stuðla að

stofnun nýrra klúbba. Við sem nú störfum í klubbunum megum ekki láta deigan síga. Við þurfum að halda merki frumkvöðlanna á lofti og vinna af brennandi áhuga að hugsjónum þeirra og okkar.

Styrkjum hreyfinguna sem frekast er kostur. Með því að flytja þetta saman erum við að æfa okkur í framsgögn. Vegna þess að við höfum þörf fyrir það. Við hvetjum ykkur til að gera slíkt hið sama.

Guðmundur Rafnar Valtýsson, Lkl. Laugardals umdæmisstjóri 109A

Uppörvandi og gefandi heimsóknir

Undanfarnar vikur hef ég heimsótt marga klúbba í umdæmi 109A. Í þessum heimsóknum hef ég orðið þess enn betur áskynja hversu öflug Lionshreyfingin er og hversu miklu fjöldi klúbba áorkar í störfum sínum fyrir samfélagið.

Sérstaklega hefur verið ánægjulegt að sjá hvað klubbarnir styrkja mörg góð málefni. Þeir geta verið stoltir af því sem þeir eru að gera. Klubbarnir huga líka að innra starfinu þ.e. félögunum sjálfum með tilbreytingu á fundum, ferðalögum o.fl. Öflugt starf auðveldar þeim að ná í nýja féлага.

Í þó nokkrum klúbbum er fjölgun en það er að sjálfsögðu eilífðar verkefni að fá nýja féлага. Ég býð nýja féлага velkomna til starfa í hreyfingunni með óskum um að þeir finni sér góðan farveg innan hennar. Sumir klúbbar eru að vísu það fámennir að erfitt getur verið að halda uppi miklu starfi ef ekki tekst að fjölga félögum. Á þeim sannast þó best að það er ekki fjöldinn í hverjum klúbbi sem ræður mestu um starfsemi hans.

Um síðustu helgi voru nemendur útskrifaðir úr Leiðtogaskólanum og var þetta í sjötta sinn sem það er gert. Það er samdóma álit þeirra sem sóttu skólann að þeir hefðu haft mikil gagn af þessum tveimur helgum í Munaðarnesi. Sumir klúbbar leggja mikla áherslu á að senda féлага í skólann árlega og ættu aðrir klúbbar sem ekki hafa átt nemendur í skólanum að huga að því næst þegar hann verður auglýstur.

Halldór Ingvason Lkl. Grindavíkur hefur samþykkt að gefa kost á sér í



Guðmundur Rafnar Valtýsson.

embætti varaumdæmisstjóra í 109A, 2006 - 2007 en hann er einn af þeim sem sótti leiðtogaskólann nú í haust. Ánægjulegt er að þurfa ekki að leita að frambjóðanda fram á síðustu stundu. Það kemur síðan í ljós hvort aðrir gefa kost á sér í embættið að þessu sinni.

Á umdæmisstjórnarfundi 19. nóvember sl. komu

fram ýmsar hugmyndir til eflingar Lionsstarfinu. Ýmis námskeið standa klúbbum til boða og ættu þeir að sameinast um þau. Gísli Þór Gíslason umhverfisfulltrúi 109A varpaði t.d. fram þeirri hugmynd að Lionsklúbbar landsins réðust í að hreinsa fjörur

í sínu nágrenni. Þetta væri verðugt verkefni og góð hreyfing á vordegi sem öll fjölskyldan gæti tekið þátt í með sameiginlegri grillveislu á eftir.

Á umdæmisfundinum flutti prófessor Þórólfur Þórlindsson erindi: „Forvarnir á tímum alþjóðavæðingar“. Var það mjög fræðandi og æskilegt að innihald þess kæmist til sem flestra.

Að lokum þetta. Lionshreyfingin og einstakir klúbbar þurfa að gera sig sýnilegri þ.e. láta vita af sér með stöðugum fréttáflutningi af starfinu og verkefnum sem unnið er að. Það eflir hreyfinguna.

Ég óska öllum Lionsfélögum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári og þakka samskiptin á árinu.

Alþjóðasamtök Lionsklúbba

Lionshreyfingin starfar í 196 löndum

Fjöldi Lionsklúbba er 46.000

Fjöldi féлага er 1.4 miljónir

Ísland

Á Íslandi er fjölumdæmi 109

Fjölumdæmið skiptist í umdæmi 109A og 109B

Í umdæmi A eru 43 Lionsklúbbar og 1 Lionessklúbbur

Félagar í 109A eru samtals 1098

Í umdæmi B eru 45 Lionsklúbbar

Félagar í 109B eru samtals 1189

UMDÆMISSTJÓRN 109A 2005-2006

Umdæmisstjóri	Guðmundur Rafnar Valtýsson, Lkl. Laugardals
Varaumdæmisstjóri	Björgúlfur Þorsteinsson, Lkl. Hafnarfjarðar
Umdæmisritari	Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu
Umdæmisgjaldkeri	Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar
Svæðisstjóri á svæði 1	Sigurður Þorgeirsson, Lkl. Seyðisfjarðar
Svæðisstjóri á svæði 2	Sigurður Þorgeirsson, Lkl. Seyðisfjarðar
Svæðisstjóri á svæði 3	Þorsteinn Matthías Kristinsson, Lkl. Fylki
Svæðisstjóri á svæði 4	Guðmunda Auðunsdóttir, Lkl. Emblu
Svæðisstjóri á svæði 5	Anna Hulda Friðriksdóttir, Lkl. Æsu
Svæðisstjóri á svæði 6	Lilja Hallgrímsdóttir, Lkl. Eik
Svæðisstjóri á svæði 7	Egill Skúli Ingibergsson, Lkl. Fjölmi
Svæðisstjóri á svæði 8	Pétur Sveinsson, Lkl. Kópavogs
Alþjóðasamskiptafulltrúi	Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni
Félag og Mission 30-fulltrúi	Ólafur Á.Halldórsson, Lkl. Hafnarfjarðar
Félaganefndarfulltrúi	Þorsteinn Matthías Kristinsson, Lkl. Fylki
Fræðslufulltrúi	Jóhanna Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá
Lions Questfulltrúi	Jóhanna Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá
Heilbrigðisfulltrúi	Gylfi Haraldsson, Lkl. Geysi
SightFirstfulltrúi	Gylfi Haraldsson, Lkl. Geysi
Kynningarfulltrúi	Ólafur Á.Halldórsson, Lkl. Hafnarfjarðar
Menningarfulltrúi	Guðrún Guðmundsdóttir, Lkl. Æsu
LCIF fulltrúi	Lilja Hallgrímsdóttir, Lkl. Eik
Unglinga og barnafulltrúi	Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar
Umhverfisfulltrúi	Gísli Þór Gíslason, Lkl. Hafnarfjarðar

UMDÆMISSTJÓRN 109B 2005-2006

Umdæmisstjóri	Valdimar Þorvaldsson, Lkl. Akraness
Varaumdæmisstjóri	Jón Gröndal, Lkl. Nirði
Umdæmisritari	Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness
Umdæmisgjaldkeri	Jón Gröndal, Lkl. Nirði
Svæðisstjóri á svæði 1	Magnús Jón Árnason, Lkl. Nirði,
Svæðisstjóri á svæði 2	Valdimar Jónsson, Lkl. Tý
Svæðisstjóri á svæði 3	Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness
Svæðisstjóri á svæði 4	Unnur Valdimarsdóttir, Lkl. Hörpu
Svæðisstjóri á svæði 5	Jón F. Einarsson, Lkl. Bolungarvíkur
Svæðisstjóri á svæði 6	Gunnlaugur Tóbiasson, Lkl. Skagafjarðar
Svæðisstjóri á svæði 7	Héðinn Jónasson, Lkl. Akureyrar
Svæðisstjóri á svæði 8	Héðinn Jónasson, Lkl. Akureyrar
Alþjóðasamskiptafulltrúi	Magnús Steingrímsson, Lkl. Vála
Félagfulltrúi	Helgi Sigurbjartsson, Lkl. Fjörgyn
Félaganefndarfulltrúi	Hörður Þór Hjálmarsson, Lkl. Siglufjarðar
Heilbrigðisfulltrúi	Jón Bjarni Þorsteinsson, Lkl. Mosfellsbæjar
SightFirst fulltrúi	Jón Bjarni Þorsteinsson, Lkl. Mosfellsbæjar
Kynningar og útbreiðslufulltrúi	Guðmundur Finnbogason, Lkl. Skagastrandar
Lions Quest fulltrúi	Anna K. Gunnlaugsdóttir, Lkl. Fold
MedicAlert og LCIF fulltrúi	Þórir Bergmundsson, Lkl. Akraness
Menningar og fræðslufulltrúi	Jósef H. Þorgeirsson, Lkl. Akraness
Umhverfisfulltrúi	Vígfús Halldórsson, Lkl. Nirði
Unglingamálafulltrúi	Haraldur Þ. Jóhannsson, Lkl. Höfða

FUNDARTÍMAR LIONSKLÚBBA Í 109 B 2005-2006

1B	Lkl. Baldur Lkl. Engey Lkl. Njörður Lkl. Úlfar Lkl. Váli	2 og 4 mið. 2 og 4 mán.. 1 mið. 1 fim. 2 og 4 þri.	18.15 19.30 18.00 18.30 20.00	Kaffi Reykjavík Lionsheimilið við Sólhún Kaffi Reykjavík Holtakráin, Grafarholti Grensáskirkju, Reykjavík
2B	Lkl. Fjörgyn Lkl. Fold Lkl. Mosfellsbæjar Lkl. Týr	2 og 4 fim. 1 og 3 mán. 2 og 4 fim. 2 og 4 mið.	19.00 19.00 19.00 18.45	Lionsalur Grafarvogskirkju Lionsheimilið við Sólhún Félagsheimilið Hlégarður Versalir við Hallveigarstíg
3B	Lkl. Agla Lkl. Akraness Lkl. Borgarness Lkl. Eðna, Akranesi	1 þri. 1 og 3 þri. 2 og 4 þri. 2 þri.	19.30 19.00 19.30 19.30	Hótel Borgarnes Lionshúsið, Suðurgötu 108 Golfhótelinu við Borgarnes Lionshúsið, Suðurgötu 108
4B	Lkl. Búðardals Lkl. Grundarfjarðar Lkl. Harpa Lkl. Stykkishólms Lkl. Nesþinga Lkl. Þerman Lkl. Ólafsvíkur Lkl. Rán	1 og 3 fim. 4 mið. 1 fim. 2 og 4 fim. 1 og 3 þri. 2. mið. 2 og 4 sun. 2 og 4 fim.	20.30 20.00 20.00 20.30 21.00 20.00 20.30 20.30	Rauðakrosshúsið Hótel Framnes Lionshúsið, Stykkishólmi Lionshúsið, Stykkishólmi Félagsheimilið Röst Félagsheimilið Röst Safnaðarheimilið Félagsheimilið Klif
5B	Lkl. Bolungarvíkur Lkl. Ísafjarðar Lkl. Patreksfjarðar Lkl. Önundarfjarðar	2 og 4 mið. 2 og 4 þri. 1 og 3 sun. 2 og 4 mið.	19.30 19.30 10.00 21.00	Finnabær Hótel Ísafjörður Safnaðarheimilið Brattahlíð Lionsheimilið, Flateyri
6B	Lkl. Bjarmi Lkl. Björk Lkl. Blönduóss Lkl. Hólmavíkur Lkl. Höfði, Hofsósi Lkl. Sauðárkróks Lkl. Siglufjarðar Lkl. Skagafjarðar Lkl. Skagastrandar	2 og 4 mið. 1 mið. 2 og 4 þri. 2 og 4 fim. 1 og 3 þri. 1 og 3 mið. 1 og 3 fim. 1 og 3 mið. 2 mið.	20.30 20.00 20.30 21.00 21.00 19.30 19.00 21.00 20.00	Lionsalurinn, Hafnarbr. 2, Hvammst. Cest la Vic, Sauðárkróki Húnabraut 13 Hús kvenfélagsins Félagsheimilið Höfðaborg Krókurinn Lionshúsið, Suðurgötu 6 Löngumýri, Varmahlíð Fellsborg
7B	Lkl. Akureyrar Lkl. Dalvíkur Hrærekur Hængur Sunna Vitaðsgjafi Ósp	2 og 4 fim. 1 og 3 fim. 1 mið. 1 og 3 fim. 2 þri. 2 og 4 þri. 2 fim.	19.30 21.00 20.00 19.00 20.00 20.30 19.30	Spítalavegur 11A Dalvíkurkirkja Árskógssandur Skipagata 14, 4. hæð Dalvíkurkirkja Hrafnagildsskóli Hótel KEA
8B	Fontur, Þórshöfn Húsavíkur Þengill	1 og 3 lau. 1 og 3 fim. 1 og 3 mið.	20.30 19.00 21.00	Félagsheimilið Þórsver Lionsheimilið Bakki Gernivíkurskóli

FUNDARTÍMAR LIONSKLÚBBA Í 109 A 2005-2006

1A	Lkl. Eskifjarðar Lkl. Múli Lkl. Seyðisfjarðar	1 og 3 mið. 1 og 3 fim. 1 og 3 fim.	19.30 20.30 19.00	Slysavarnahúsið Hótel Hérad Óldutún, Félagsh.aldraðra
2A	Lkl. Djúpanovogs Lkl. Svanur Lkl. Fáskrúðsfjarðar	1 og 3 mán. 1 og 3 fim. 2 og 4 þri.	21.00 20.30 20.00	Hótel Framtíð Nesbúð, slysavarnarhúsið Hótel Bjarg
3A	Lkl. Fylkir Lkl. Hornafjarðar Lkl. Kolgríma Lkl. Skyggirnir Lkl. Suðri	1 mið. 2 og 4 mið. 1 mán. 2 og 4 mán. 2 og 4 mán.	21.00 19.30 20.00 20.30 20.30	Hótel Kirkjubæjarklaustur Pakkhúsinu Hótel Höfn Hellubíó Ströndin í Vikurskála, Vík
4A	Lkl. Embla Lkl. Geysir Lkl. Hveragerðis Lkl. Laugardals Lkl. Selfoss Lkl. Vestmannaeyja Lkl. Þorlákshafnar	2 og 4 þri. 1 og 3 mið. 2 og 4 mán. 2 og 4 fim. 1 og 3 mán. 2 og 4 mán. 2 og 4 mið.	21.00 21.00 19.30 20.30 19.30 20.30 20.30	Pakkhúsið Félagsheimilið Aratunga Hótel Örk Barnaskólinn á Laugarvatni Gesthús, Engjavegi 84 Arnardrangur, Heiðarvegi 7 Egilsbraut 9
5A	Lkl. Garður Lkl. Grindavíkur Lkl. Keilir Lkl. Keflavíkur Lkl. Keflavíkur Lkl. Njarðvíkur Lkl. Sandgerðis Lkl. Æsa	2 og 4 mið. 1 og 3 fim. 1 og 3 mið. 2 þri. 2 og 4 mið. 1 og 3 mið. 2 og 4 þri. 1 og 3 þri.	20.30 19.30 20.30 19.30 19.00 19.00 19.00 18.30	Lionshúsið, Efra-Sandgerði Salthúsið við Stambólsvæg Lionsheimilið, Sólvöllum, Flughótel, Keflavík Flughótel, Keflavík Hólagötu 15 Lionshúsið, Efra-Sandgerði Flughótel, Keflavík
6A	Lkl. Álfanes Lkl. Ásbjörn Lkl. Eik Lkl. Garðabæjar Lkl. Hafnarfjarðar Lkl. Kaldá	1 og 3 fim. 1 og 3 fim. 3 þri. 2 og 4 þri. 2 og 4 fim. 2 þri.	19.00 19.15 19.00 19.30 19.00 19.00	Íþróttahúsið Álfanes Gafinn, Hafnarfirði Garðabergi, Garðabæ Vidalinskirkja, Garðabæ Haukaheimilinu, Hafnarfirði Gafinn, Hafnarfirði
7A	Lkl. Ægir Lkl. Freyri Lkl. Fjölmi Lkl. Eir Lkl. Reykjavíkur	2 og 4 mið. 1 og 3 mán. 2 og 4 þri. 1 mán. 3 fim.	18.30 18.45 18.30 19.00 19.00	Sundaborg Sunnusal Hótel Sögu, Lionsheimilið við Sólhún Lionsheimilið við Sólhún Versalir við Hallveigarstíg
8A	Lkl. Kópavogs Lkl. Muninn Lkl. Selfarness Lkl. Viðarr Lkl. Ýr Lkl. Þór	2 og 4 mið. 1 og 3 mið. 2 og 4 þri. 1 og 3 mið. 2 og 4 mán. 1 og 3 þri.	19.00 19.15 19.00 19.00 19.15 19.00	Lundur, Auðbrekku 23 Lundur, Auðbrekku 23 Félagsheimilið, Selfarnessi Lionsheimilið við Sólhún Lundur, Auðbrekku 23 Lionsheimilið við Sólhún

Athugasemd: Upplýsingar þær um fundartíma sem hér eru birtar eru með fyrirvara þar sem sumir klúbbar breyta stundum fundarastað og tíma fyrirvararlaust.

Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn, ritari Norðurlandáþings

Norðurlandáþing Lions (NSR)

Hvíta og græna ævintýrið í Finnlandi

Í áratugi hefur samstarf Lionsfélaga á Norðurlöndunum verið einn af hornsteinum í alþjóðasamskiptum íslensku Lionshreyfingarinnar. Árlega hittast fulltrúar norrænu fjölumðæmanna á 2ja-3ja daga fundi, nánar tiltekið þriðju helgi í janúar.

Fulltrúar Íslands

Þátttakendur frá Íslandi verða fjölumðæmisstjóri Geir Hauksson og Jórunn Jörundsdóttir, umdæmisstjóri í 109 A Guðmundur Rafnar Valtysson og Ásdís B Einarsdóttir, umdæmisstjóri í 109 B Valdimar Þorvaldsson og Oddný E Valgeirsdóttir, alþjóðasamskiptastjóri Jón Bjarni Þorsteinsson, unglingskiptastjóri Kristjana E Guðlaugsdóttir og Erlingur J. Leifsson, fulltrúi Íslands í stjórnarnefnd Norðurlandáþings, Þór Steinarsson og „Mission 30“ verkefnisstjóri Einar Þórðarson.

Þingstaður

Næsta þing verður haldið 20-22.janúar í Kuusamo í norðurhluta Finnlands.

Kuusamo liggur á heimskaubaugnum í norð - austur hluta Finnlands nærri rússnesku landamærunum. Vinabærir Kuusamo eru Asköy í Noregi, Avesta í Svíþjóð og Herning í Danmörku. Kuusamo tilheyrir Oulu svæðinu. Íbúafjöldinn er um 11 þúsund og um 70% þeirra vinna í ferðamannaíðnaði. Bærinn er í um 800 kílómetra fjarlægð frá Helsinki. Flugtími frá Helsinki er um ein klukkustund og vegakerfið á svæðinu er gott.

Kuusamo er þekkt fyrir náttúrufergurð. Fjöll og skógar eins langt og augað eygir, óbyggðir sem klofnar eru af vötnum og ám. Mikill snjór að vetrarlagi, vanalegast yfir eins metra snjóþykkt á tímabilinu frá október til maí.

Á löngu tímabili hafa Kuusamo og Ruka þróast og mynda eitt vinsælasta ferðamannasvæði í Finnlandi. Að sumri er mikið dýralíf í skógunum. Fuglaáhugamenn koma víða að til að fylgjast með fjölbreyttu fuglalífi. Á veturna er svæðið fullt af fólki sem stundar margvíslegar vetrariþróttir.

Svæðið er þekkt fyrir norðurljós og fjölmargir ferðamenn koma þangað til að horfa til himins meðan þeir



Búast má við að yfirdrifið verði af snjó þá daga sem NSR þingið stendur yfir. Enda er árstíminn ekki valinn með tilliti til skemmtiferða, heldur er þetta vinnuferð.

þjóta um á hreindýra- eða hundasleða. Einnig er boðið uppá vetrargolf (hljóta að nota svartar kúlur), dorgveiði gegnum ís o.fl. Kaldasta tímabil er vanalegast í enda janúar (= tími NSR þingsins) og lægsta

Dagskrá

Föstudagur

09.45 -	Hugsanlegir nefndarfundir.
11.30 - 12.30	Stjórnarnefndarfundur (notar hádegisverðartímann)
12.00	Hádegisverður
12.45 - 13.45	CC - fundur
14.00 - 14.45	Setning þingsins
15.00 - 17.00	Námstefnur/fyrirlestrar
19.00	Kynningarkvöld

Laugardagur

08.00 - 08.45	Fundir einstakra fjölumðæma
09.00 - 9.45	Skýrsla alþjóðastjórnarmanns og fyrirspurnir
09.45 - 12.00	Aðalefni þingsins
12.00	Hádegisverður
13.00 - 17.00	Makadagskrá
13.00 - 17.30	Þingfundur
19.00	Kvöldverður

Sunnudagur

09.00 - 10.00	Stjórnarnefndarfundur
10.00 - 12.00	CC - fundur
10.00 - 12.00	Nefndarfundir
10.00 - 12.00	Fundur ritstjóra
12.00	Hádegisverður



Það væri óneitanlega fallegra að heimsækja Finnland að sumri til.

skráða hitastig á svæðinu er -50,4°C (árið 1985).

Þessi hluti Finnlands er strjálbýll um 2,2 persónur á ferkílómetra. Þetta gefur mikið svigrúm fyrir göngumenn og veiðimenn. En í Finnlandi eru um 42 þúsund mismunandi tegundir dýra, plantna og sveppa.

Finnar hafa náð afgerandi forystu í markaðssetningu á jólasveininum, þannig að það verður harður slagur ef við viljum reyna að markaðssetja jólasveininn í Esjunni.

Aleksis Kivi (1834 - 1872) orti kvæðið The Finnish Land - Suomenmaa um svæðið umhverfis Kuusamo

*„What is that land of hill and dale
That is so beautiful,
The land aglow with summer days,
Land with the northern lights ablaze,
Whose beauty all the seasons share,
What is that land so fair?“*
(Þýtt á ensku af Keith Bosley)

Ferðin á þingstað

Stærsti hluti hópsins heldur utan fimmtudaginn 19.janúar og gistir í Helsinki eina nótt áður en haldið er áfram til Kuusamo. Þangað verður komið um klukkan 10:30 og hefjast fundarhöld klukkustund síðar.

Ekki er víst að íslenski hópurinn nái að snæða hádegisverðinn því flogið verður frá Kuusamo klukkan 14:05 og eftir tvær millilendingar nær hópurinn heim til Keflavíkur um miðnætti á sunnudagskvöld 22.janúar.

Fulltrúar Íslands verða áberandi á þessu NSR þingi. Þór Steinarsson verður ritari þingsins. Geir Hauksson, fjölumðæmisstjóri, mun taka við Víkingnum sem tákn um að í janúar 2007 verður NSR þingið haldið í Reykjavík. Fjölumðæmisstjóri okkar starfsárið 2006-2007 mun verða formaður CC - hópsins sem stýrir NSR samstarfinu.

Norðurlandáþingið er, eins og öll önnur Lionsþing, opið öllum Lionsfélögum. Allir geta tekið til máls og tjáð sig um það sem er til umræðu. Við atkvæðagreiðslur á þinginu fara einstök fjölumðæmi með atkvæði í samræmi við stærð sína. Fyrir þá sem hafa hug á að sækja þingið skal bent á vefslóðina www.lions.fi. Þar er hægt að velja NSR 2006 og síðan er farið inn á skráningareyðublaðið.



Verkefnasjóðurinn



Meðal þess sem fjallað var um á fjölumdamisráðsfundi Lions laugar daginn 19. nóvember voru breytingatillögur verkefnasjóðsstjóra, Guðmundar Finnbogasonar, Lkl. Skagastrandar, á reglugerð Verkefnasjóðs. Hér er um athyglisverðar tillögur að ræða sem væntanlega verða lagðar fyrir næsta fjölumdamisþing og þótti blaðinu því rétt að spurja Guðmund nánar um breytingarnar sem fyrirhugaðar eru.



Guðmundur Finnbogason.

för að vinna eftir reglugerðinni, fannst mér hann ekki virka eins og segir til um í reglugerð hans. Fáir sem höfðu með málaflokka fjölumdamisins að gera unnu eftir reglugerðinni. Eftir nánari íhugun og spjall mitt við ýmsa Lionsmenn komst ég að þeirri niðurstöðu að best væri að

núverandi reglugerð væri lögð niður og tvær nýjar samþykktar í hennar stað.

Hverjar eru helstu breytingarnar?

Þær eru, í stuttu máli, að stofnaðir verði tveir sjóðir **Hjálparsjóður fjölumdamis 109** og **Verkefnasjóður fjölumdamis 109**. Í stjórn **Hjálparsjóðsins** sitji **ekki** fjölumdamisstjóri eins og núna og Lions/Lionessklúbbum verði boðið að gera samning um föst framlög. **Verkefnasjóðnum** væri ætlað að halda utan um **verkefni** á vegum fjölumdamis (*unglingaskipti, alþjóðasamskipti, menningarmál, Lions Quest*

Hverjar eru forsendur fyrir því að þú vilt breyta reglugerð Verkefnasjóðs? Hefur ekki alltaf verið leitast við að breyta og betrumbæta reglugerð Verkefnasjóðsins í gegnum tíðina?

Verkefnasjóðurinn var stofnaður árið 1992 og síðan hefur honum verið breytt og öðrum sjóðum bætt inn í hann annað slagið. Þegar ég tók við formennsku í sjóðnum árið 2004, og

og aðra málaflokka sem verða felldir undir sjóðinn) og reglugerð um starfs-hætti sjóðsins aðlöguð eins og starfs-hættirnir hafa verið á síðustu árum. Ég leyfi mér að birta hluta, 4. greinar verkefnasjóðs.

Umsjónaraðilar með fjármunum Verkefnasjóðsins eru fjölumdamisstjórn, gjaldkeri fjölumdamis, og þeir embættismenn fjölumdamis sem settir hafa verið yfir viðkomandi málaflökk. Gjaldkeri fjölumdamisins er í forsvari fyrir umsjónaraðila.

Þú minnst á fundinum á að búa til íslenska Lionsorðu/pening sem Lions/Lionessklúbbar gætu fengið keypta í gegnum hjálparsjóðinn?

Þetta er hugmynd sem hefur verið

rædd áður, og það hafa komið fyrir-spurnir um minnispening, t.d. Magnús Kjaran merki, í sambandi við fjársöfnun í Verkefnasjóðinn í ár. Lionsklúbbar gætu lagt xxx kr, í Hjálparsjóðinn og gætu fengið orðu/pening og veitt hana klúbbfélaga, eða öðrum í samfélaginu.

Í lokin, hvernig hafa viðbrögð Lions/Lionessklúbba verið við ákalli um að styrkja Verkefnasjóð?

Viðtökur hafa verið frábærar. Má nefna að einn Lionsklúbbar lagði fram kr. 150.000,00.

Ég vil, fyrir hönd stjórnar Verkefnasjóðsins, þakka öllum Lions/Lionessum klúbbum sem hafa séð, sér fært að leggja sitt mörkum í þessa fjársöfnun.

Jón Bjarni Þorsteinsson, Lkl. Mosfellsbæjar, alþjóðasamskiptastjóri Lions

Alþjóðasamskipti

Loft er lævi blandið í heiminum. Ástandið er ógnvænlegt. Sjónvarpsvélur umheimsins beinast að atburðum og jafnt ungir sem aldnir hræðast þá. Hvað er maðurinn að fara? Við Lionsfélagar eigum að láta rödd okkar heyrast og leggja áherslu á ein-kunnarorð okkar. Við leggjum lið og leggjum áherslu á að færa líknarhlutverk okkar til allra heimshorna.



Jón Bjarni Þorsteinsson.

Höfuðverkefni

Þetta eru þau verkefni sem ég tel gott að kynna sér ef Lionsklúbbar vilja takast á við alþjóðlegt starf.

1. Stöðjum LCIF. Alþjóðahjálparsjóð Lions.
2. Stöðjum SightFirst II verkefnið. Þetta verkefni verður betur kynnt í þessu blaði og stendur yfir í 3 ár 2005-2008.
3. Tökum þátt í unglingaskiptum.
4. Tökum þátt í samnorrænum verkefnum.
5. Tökum þátt í hjálparverkefnum í þróunarlöndum.
6. Hefjum umræðu í klúbbum okkar um hvað við Íslendingar

getum gert til aðstoðar fólki sem býr við sára neyð

7. Þegar við erum erlendis skulum við leitast við að heimsækja Lionsklúbba þar sem við dveljum. Upplýsingar um klúbbana, nöfn og fundarstaði og tíma má finna á Lionsskrifstofunni.
8. Stofnum til vinaklúbbatengsla hérlandis eða erlendis.

Lionsfélagar, ef áhugi er fyrir hendi get ég aðstoðað ykkur hvenær sem er. Hafið samband. Takmark mitt er að Lionsklúbbar setji sér það markmið að sinna a.m.k. 2 alþjóðaverkefnum árlega.



Boston

Alþjóðafing Alþjóðasambands Lionsklúbba 2006

Fjölumdamisstjórn hefur borist staðfesting þess efnis að forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, verði annar tveggja aðalræðumanna á alþjóðafinginu í Boston sem haldið verður frá föstudeginum 30. júní til þriðjudagsins 4. júlí 2006. Þetta er okkur Lionsfélögum að sjálfsögðu sérstakt ánægjuefni og blaðinu er kunnugt um að fjölumdamisstjórn vinnur nú að því að stofnað verði til hópferðar á þingið héðan frá Íslandi. Nánari upplýsingar um það og annað sem tengist alþjóðafinginu verða birtar í næsta blaði.

Einar Þórðarson, verkefnastjóri Plús einn.

Plús einn markmiðið

Nú í vetur stendur yfir alþjóðlegt verkefni innan Lionshreyfingarinnar sem ber heitið Plús einn. Markmið verkefnisins er að efla Lionsstarfið og stuðla að fjölgun félaga. Heiti verkefnisins, Plús einn, hefur tvenns konar merkingu: 1) Að klúbbar setji sér það markmið að vera einum félaga fleiri í lok starfsárs en þeir voru í byrjun. 2) Að fjölga klúbbum um einn í hverju umdæmi á starfsárinu.

Fyrri markmiðið virðist vera einfalt en ég veit að það getur verið erfitt að ná því. Málið er að það ganga fleiri félagar út úr hreyfingunni á hverju ári en inn. Ein ástæðan er að þeir finna sig ekki í klúbbum, klúbbstarfið er tilbreytingalaust, engin verkefni eða of erfið verkefni, fundir illa undirbúnir og það er bara leiðinlegt á fundum.

Ýmsar leiðir eru í boði til að ná Plús einn markmiðinu. Sú einfaldasta er að efla rækt við félagana og gera klúbbstarfið skemmtilegt og áhugavert.

Ef við ætlum að halda í félagana þá þarf starfið að vera áhugavert. Það þarf að brjóta upp gamlar hefðir og hleypa nýjum hugmyndum að. Ef við erum ánægð í okkar klúbbi og okkur finnst klúbbstarfið skemmtilegt og gefandi þá gerist það sjálfkrafa að við tímum ekki að hætta og förum að leita að fleiri félögum. Þannig sköpum við góða og öfluga klúbba. Lausnin er að leggja rækt við klúbbfélagan okkar.



Einar Þórðarson.

Seinna markmiðinu getur verið heldur erfiðara að ná, en til þess þarf að stofna einn klúbb í hvoru umdæmi. Til að stofna nýjan klúbb þarf maður að finna a.m.k. 20 nýja Lionsfélaga og Lionsklúbb sem vill vera móðurklúbbur þessa nýja klúbbs. Kannski er hægt að fara styttri leið og stofna deild innan klúbbs. Það hefur gefist vel, sem sést á Reykhóla-deild Lionsklúbbs Búðardals.

Á síðastliðnum tveimur árum hafa verið stofnaðir tveir Lionsklúbbar, Lionsklúbbur Skagastrandar og Lionsklúbburinn Úlfar. Þetta sýnir að það er hægt. En hvernig fer maður að því? Jú, maður setur sér markmið, undirbýr sig vel og fer svo af stað. Byrjar á því að finna sér félagar til að vinna með og setur saman vinnuhóp, finnur móðurklúbb og markhóp, t.d. hverfi í þéttri íbúðabyggð eða hóp af fólki sem vinnur að sameiginlegum málefnum eins og unglíngamálum, skólamálaum eða veikindum barna. Síðan er að auglýsa kynningarfund með dreifibréfi og loks halda kynningarfundinn þar sem maður fær áhugasamt fólk sem vill leggja öðrum lið um leið og það fær tækifæri til að þroska sig sjálft og kynnast nýju og skemmtilegu fólki.

Önnur leið er maður á mann aðferðin, en sú leið tekur yfirleitt lengri tíma. Svo er hægt að blanda þessum leiðum saman. Aðalatriðið er að fara af stað með verkefnið í stað þess að tala og tala.

Hér eru nokkrar hugmyndir sem hægt er að vinna að:

1. Ræðið um fjölgun í klúbbum og hvort þörf sé á fjölgun. Það er líka hægt að ræða um fækkun í klúbbum og hvort hún sé æskileg.
2. Setjið ykkur tveggja til þriggja ára verkáætlun um fjölgun félaga í klúbbum.
3. Takið að ykkur langtíma þjónustuverkefni og ný verkefni.
4. Gerið klúbbinn ykkar sýnilegan með árangursríkum almanna tengslum, m.a. með kynningu á verkefnum klúbbsins.
5. Haldið kynningarfundir í ykkar heimabyggð og bjóðið fram krafta ykkar.
6. Haldið klúbbfélögunum inni. Besta leiðin er að hafa skemmtilega og áhugaverða fundi.
7. Veitið Melvin Jones viðurkenningar til klúbbfélaga fyrir vel unnin störf og til annarra sem þakklætisvott fyrir gott samstarf.
8. Kynnið Lions fyrir nýjum klúbbfélögum, styðjið við þá og fáið þeim strax verkefni við hæfi.
9. Lesið siðareglur Lions á fundum, t.d. eina á fundi og setjið upp heimasíður með lifandi upplýsingum um klúbbinn.
10. Minnkið hlutfall þeirra sem hætta um 25% út frá meðaltali síðustu tveggja ára. Kannið ástæður fyrir því hvers vegna félagar hætta. Það getur gefið ykkur ákveðnar vísbendingar um hvernig félögum líður í klúbbum.

11. Þegar félagi hættir vegna brottflutnings, finnið honum þá nýjan klúbb eða komið upplýsingum um hann á framfæri svo hægt sé að bjóða honum inngöngu í annan klúbb.
12. Setjið af stað átak til að ná inn fyrrverandi Lionsfélögum eða aðfluttum.
13. Skrifðið í Lionsblaðið, segið frá klúbbum og látið vita hvað þið eruð að vinna frábært starf.
14. Bjóðið gestum á fundi. Hafið t.d. sérstakan gestafund og kynnið klúbbinn.
15. Farið saman í ferðalag, helgarferð, í leikhús eða heimsækið aðra klúbba.

Að lokum: Ég hvet ykkur til að taka þessari áskorun Lionshreyfingarinnar og vinnið að þessu markmiði Plús einn. Störfum saman sem hópur en ekki sem einstaklingar einir og sér. Einn á orkar litlu en margir saman miklu.

„Markmið + Áætlun + Vinna = Árangur“

Ps. Ég er kominn með hóp kvenna sem vill ganga í nýjan Lionsklúbb, staðsettan í Grafarholtinu í Reykjavík og hefur Lionklúbburinn Úlfar áhuga á að vinna með þessum klúbbi. Ef þið vitið af fleiri konum eða hugsanlegum móðurklúbbi þá hafið samband við mig hið fyrsta. Tölvupóstur: et@hn.is

Daniel G. Björnsson, blaðafulltrúi Lkl. Munins

Kirkjuferð

Eins og undanfarna tvo áratugi þá var hin árlega kirkjuferð Lkl. Munins í Kópavogi með eldri borgara bæjarfélagsins 23. okt sl. Nú, eins og vanalega, lánaði Sérleyfisbílur Teits Jónassonar tvær rútur sem tveir félagar í Lkl. Munin óku til að sækja eldri borgara og aka þeim til og frá kirkju. Að þessu sinni var farið í Neskirkju og hlýtt á messu hjá séra Erni Bárði Jónssyni sóknarpresti Nespresta-

kalls. Yfir 60 eldri borgarar voru í ferð þessari.

Að messu lokinni var öllum hópnum ekið í Kópavog aftur og í Lionsheimilið Lund Auðbrekku 25 - 27 en þar tóku á móti hópnum félagar úr Lkl. Ýr með kaffihlaðborð eins og þeim einum er lagið. Eftir að allir höfðu gert kaffihlaðborðinu góðs skil og ræður fluttar þá óku félagar úr Lkl. Munin öllum til síns heima.



Veitinga notið að lokinni kirkjuferð.

Guðmundur Haukur Sigurðsson, Lkl. Bjarma

Umhverfissátak Bjarma



Á myndinni eru Lionsfélagarnir Jóhannes Erlendsson, Ágúst Oddsson, Guðmundur H Sigurðsson og Pétur Daniélsson. Myndin er frá afhendingu augnskoðunartækis.

Fjáröflun hjá félögum í Lionsklúbbnum Bjarma á Hvammstanga hefur verið með föstu sniði undanfarin ár. Seldar ljósaperur að hausti, jóladagatöl á aðventu og síðan páskaliljur fyrir páskana.

Síðastliðið vor var reynt nýtt fjáröflunarverkefni. Samið var við Vegagerðina um að Lionsfélagar söfnuðu saman rusli meðfram Þjóðvegi 1 í gegnum Vestur-Húnavatnssýslu. Lionsfélagar mættu með kerrur snemma á laugardagsmorgni síðustu helgi í maí og gengu með vegum og söfnuðu saman öllu rusli á vegsvæðinu á nærri 70 km vegarkafla. Fjölskyldur voru gjarnan með í för og aðstoðuðu við verkið. Alls var verið að í rúma 5 tíma og söfnuðust 5 fullar kerrur af hinu margvíslegasta rusli. Á eftir var boðið til grillveislu og

gláðst yfir skemmtilegu og nýtsömu fjáröflunarverkefni. Vegfarendur sýndu okkur flestir kurteisi þó dæmi væru um að óþolinmóðir ökuþórar hentu dagblöðum og öðru rusli í átt að brosmildum Lionsmönnum þegar þeim þóttu þessir Göngu-Hrólfar tefja för.

Á síðasta starfsári var að vanda ýmsum góðum málum sinnt í heimahéraði. Félagsstarfi eldri borgara var færð saumavél að gjöf og keypt var sogtæki til notkunar í sjúkrahúsi. Einnig lagði klúbburinn verulegt fjárframlag til kaupa á augnskoðunartæki sem afhent var heilsugæslunni. Klúbburinn stóð einnig að ungmennabúðunum á Hólum ásamt öðrum klúbbum á svæði 6.

Guðbrandur Jóhannsson ritari Lkl. Hornafjarðar Úr ríki Vatnajökuls

Lionsklúbbur Hornafjarðar, heldur fundi sína í Pakkhúsi kl. 19:30 annan og fjórða miðvikudag yfir veturinn. Fréttir úr ríki Vatnajökuls eru góðar, klúbburinn á besta aldri, verður fertugur á næsta ári og allt er jú fertugum fært. Í haust gengu fimm nýir félagar til liðs við klúbbinn. Var þetta gott búsílag. Þarna eru

tveir skipstjórar, bílstjóri, matreiðslumaður og sýslumaður. Félagar klúbbsins eru nú 28.

Hjartastuðtæki.

Á fundi í október 2005 voru afhent tvö hjartastuðtæki til notkunar á sundstöðum sveitarfélagsins. Forstöðumenn lauganna á Höfn og í Örfum veittu tækjunum viðtöku.



Unnsteinn Guðmundsson, Ragnar Gunnarsson, Snorri Aðalsteinsson, Óli Björgvinsson og Elvar Unnsteinsson kneifa einkennisdrykk Napoleons



Við afhendingu hjartastuðtækja. Unnsteinn Guðmundsson, formaður, Hannes Ingi Jónsson, gjaldkeri, Ingvar Þórðarson, Sundlaug Hafnar, Ólafur Sigurðsson, Flosalag, Örfum og Guðbrandur Jóhannsson, ritari

Tæki þessi auka mjög á öryggi gesta og voru klúbbnum færðar þakkir frá forstöðumönnum.

Ný fjáröflunaraðferð - kvikmyndaleikur

Nú á haustdögum var tekin frönsk auglýsingamynd þar sem Napoleon kemur „fjölfaldaður“ við sögu. Myndað var á Vatnajökli og við Jökulsárlón. Þar sem mörg eintök þurfti af Napoleon var leitað til Lions-

klúbbs Hornafjarðar og fleiri félaga eftir vörpulegum karlmönnum til að bera búning Napoleons.

Vaskur hópur fór til starfans og heyrnt hef ég að ekki hafi þeim leiðst þær æfingar. Skálað var síðan í Napoleonskonjaki að loknum vinnudegi. Þó kalsamt væri á köflum, þótti félögunum verkefnið glaðlegt og fjárhagslegur ábati varð nokkur af verkefninu. Biða menn spenntir við símann eftir næsta verkefni.



Lionsmenn og fleiri í ríki Vatnajökuls

Lionsklúbburinn Harpa Stykkishólmi



6. apríl 1994



Lionsklúbburinn Harpa er að hefja sitt 11. starfsár. Félagskonur eru **29** þar af ein óvirk. Fundir eru haldnir 1. fimmtudag hvers mánaðar og

stjórnarfundir viku á undan. Klúbbnum er skipt í 4 flokka og sér hver flokkur um mat og skemmtiatriði tvisvar sinnum á vetri. Starfsárið sem nú er rétt að byrja var tekið með trompi. Lionsklúbburinn Harpa eignaðist sinn fyrsta Melvin Jones



Bibba gjalkeri og Dagný fulltrúi unglingskipta.

félaga sem er Elín Sigurðardóttir ljósmóðir með meiru. Elín átti stórafmæli í sumar varð 75 ára. Elín var fyrsti formaður Lionessklúbbsins sem var stofnaður 28. mars 1987. Lionsklúbburinn Harpa var stofnaður 6. apríl 1994, og hefur Elín verið einn af burðarstólpum félagsins. Ósk Bergþórsdóttir fráfarandi formaður



Danskir dagar Gyða og Unnur svæðisstjóri.

afhenti Elínu skjöldinn. Við erum mjög stoltar af okkar konu.

Fjáraflanir Hörpukvenna eru af ýmsu tagi. Í ágúst voru Danskir dagar og þá seldum við heitt súkkulaði og vöflur með rjóma og tókst vel til í ár og viljum við þakka öllum heimamönnum og ferðafólki fyrir að styrkja gott málefni.

Vörutalning í Bónus í Stykkishólmi var næsta verkefni og skiptu konur sér í þrjá hópa, sem mættu á mismunandi tímum. Fyrst var talið, svo yfirfarið og síðan stikkprufur þannig að þetta tók góðan tíma og konurnar skemmtu sér mjög vel.

Pennasala fyrir Krabbameinsfélag Íslands tókst með eindæmum vel enda verðugt verkefni og hressandi fyrir Hörpukonur að fá sér göngutúr um bæinn og í fyrirtæki. Þökkum öllum þeim er veittu verkefninu lið.

Í lok nóvember munu Hörpukonur færa grunnskólabörnum í þriðja bekk litabók um brunavarnir á heimilum.

Jólaökubasar verður 9. desember og þá mun einnig verða seldur nýr uppskriftabæklingur sem ber heitið Hörpuréttir. Væntanlega verður önnur vörutalning eftir áramót og páskaasar verður 12. apríl.

Okkar stuðningur á síðasta ári var til hinna ýmsu verkefna, einstaklinga og félaga t.d. Verkefnasjóðs fjölumdamisins vegna flóða í Asíu, Íþróttasambands fatlaðra í Reykjavík og Íþróttasambands fatlaðra í Stykkishólmi, Móafatar í Garðabæ til leiktækjakaupa, SOS Barnaþorps vegna Josepu okkar sem við höfum stutt í mörg ár. Sjónvarp til Dvalarheimilisins og í samfloti með Lionsklúbbi Stykkishólms buðum við félögum í Aftanskini sem er félag eldri borgara



Danskir dagar, vaskar Lionskonur.

á leiksýninguna „Fiðlarinn á þakinu“ sem leikfélagið Grímnir í Stykkishólmi setti upp með 67 manns. – Einnig styrktum við LCIF vegna hvirfilbylja í Ameríku.



Elín Sigurðardóttir og Ósk Bergþórsdóttir.

Fundir klúbbsins eru alltaf með fjörugara móti og alltaf góður matur. Nýársfagnaður var haldinn með karlklúbbum þar sem tvær nýjar félagskonur gengu inn og verðlaun veitt til fyrrum formanna fyrir öflun nýrra félagskvenna. María Guðmundsdóttir fékk gulllykil fyrir fimm nýja félaga og Erna Björg Guðmundsdóttir silfurlykil fyrir tvo nýja félaga Gestir síðasta veturs voru m.a. Sólborg Olga sem sýndi magadans í fullum skrudá og sagði hún að svona dans væri mjög góður fyrir bakið. Ásta Valdís Guðmundsdóttir, Davis leiðbeinandi í Stykkishólmi hélt fræðsluerindi um lesblindu. Hrund Hjaltadóttir kom og fræddi okkur um félagsanda.

Katrín snyrtifræðingur kom og kenndi förðun og málaði nokkrar í leiðinni. Pakkavöld, spákona, lestur, grín og gleði. Eitthvað fyrir alla. Lokafundurinn var svo haldinn 12. maí á Þingvöllum í Helgafells-

sveit hjá Sillu. Matur, útileikir bingó og stjórnarskipti, sem sagt frábær vetur, að hefjast OG VONANDI FLEIRI FÉLAGSKONUR +1

Svæðisstjóri svæði 4 Vesturlandi er Unnur Valdimarsdóttir HÖRPUKONA.

Fyrsti fundur hennar var 5. nóvember í Lionshúsinu í Stykkishólmi. Gaman var að heyra frá félagastarfi annarra og virkilega uppörvandi. Boðið var uppá súpu og brauð og vinarbrauð með kaffinu. Þegar heim var haldið voru allir sammála að það er gaman að hittast og sjá aðra. Kveðja til þeirra sem mættu.

Unglingskipti. Hörpukonur hafa fengið það verðuga verkefni að velja unglingskipti í Stykkishólmi til að fara til útlanda. Fulltrúi verkefnisins fyrir hönd Hörpu er ný félagskona Dagný Þórisdóttir. Spennandi að vita hver fær að fara.



Fánastandur hannaður af Önnu Sigríði formanni.

Samfundur Lionskvenna á Snæfellsnesi. Hörpukonur, Ránarkonur í Ólafvík og Þernukonur Hellissandi og Rífi hittast einu sinna að hausti með samfund, mat og skemmtiatriði. Klúbbarnir skiptast á að halda fundinn og í ár voru það Ránarkonur sem héldu veislufund 14. okt. að Klifi. Þvílíkt stuð. Ránarkonur fengu gjöf frá Hörpukonum sem Anna Sigríður formaður hannaði og Trausti

Framhald á bls. 14

Framhald af bls. 13

Tryggvason smíðakennari í Stykkishólmi smíðaði. Fallegur fánastandur. Hörpukonur munu sjá um fundinn í haust '05

Anna Sigga hefur hannað afmælisgjafir fyrir félagskonur sem eiga stórafmæli og einnig samdi hún þennan texta við lagið; „Snert hörpu mina“ vegna samfundar á Hellissandi 24. september 2004, eitt af skemmtiatriðum hjá Hörpukonum.

Við erum kátar Hörpukonur hér, á Hellissandi að skemmta þér og mér með söng og gleði hækkar okkar brá við léttar dönsur hér á hæl og tá.

Við hjálpum til og styrkjum manna börn Og stundum getur þetta verið törn,

að baka, sulta og selja pennafjöld með vöflusölu og kakó í Danska tjöld (Danskur framburður)

Við gefum hjálma, stuðtæki og tól og líka forlata blóðtökustól. Það gaman er að gleðja og gera gott Og safna punktumum í himnapott.

Lokavers

Það gaman var að koma hér í kvöld, Því gleðin hefur verið hér við völd. Við Hörpukonur þökkum fyrir oss Og sendum ykkur stóran Lionskoss.

**LÍF OG FJÖR Í LIONS. +1
Óska öllum félagsmönnum
Lions gæfu í starfi vetrarins og
bið ykkur vel að lifa**

**Anna Sigríður Guðmundsdóttir
formaður 2005-2006**



Vörutalning Anna Sigga, formaður. Sessa og Ásta í baksýn.

Þriðju stórtónleikar Lionsklúbbsins Fjörgynjar



Ljósmyndari: Sigrún Þorvarðardóttir

Fimmtudaginn 10.nóvember var húsfyllir í Grafarvogskirkju þar sem fjöldi listamanna skemmti áheyrendum. Tónleikarnir hófust með kröftugum söng Lögreglukórsins undir stjórn Guðlaugs Viktorssonar. Í kjölfarið fylgju fjölmargir listamenn. Jón Jósép Snæbjörnsson söng fallegan óð til nýfædds sonar síns. Egill Ólafsson var, eins og oft áður, stórkostlega góður í sínum söng og jafnframt var hugljúft að hlusta á hann tala við áheyrendur á undan söngnum.

Hinn síungi Ragnar Bjarnason hreif áheyrendur með sér við undirleik Þorgeirs Ástvaldssonar. Hörður Torfason söng sig, eins og oft áður, inn í hjörtu áheyrenda. Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú) fór á kostum bæði í einsöng og í dúettum. Helgi Björnsson söng lög af nýútkomnum diskum sínum við góðan orðstír.

Að vanda snertu KK og Ellen hjörtu áheyrenda með sínum ljúfa flutningi.

Þórunn Lárusdóttir sýndi tilþrif þegar hún spilaði á trompet milli þess sem hún söng. Hinn ungi Garðar Thor Cortes hreif áheyrendur

með fögrum söng eins og Bergþór Pálsson sem er snillingur í flutningi á finum söng. Óskar Pétursson hélt uppi heiðri landbyggðarinnar að eigin sögn og söng með miklum tilþrifum. Jóhann Friðgeir Valdimarsson er enn einn snillingurinn sem þandi raddböndin þetta kvöld við góðar undirtektir áheyrenda. Ragnheiður Gröndal mætti til leiks með 4 undirleikara sem spiluðu á strokhljóðfæri. Áheyrendur gerðu góðan róm að flutningi hennar.

Aðal undirleikari kvöldsins var Jónas Þórir og sat hann við flygilinn því sem næst allt kvöldið. Allri skemmtuninni var síðan stýrt af hin-

um kunna leikara Felix Bergssyni en þetta er í þriðja sinn sem hann er í þessu hlutverki fyrir hönd Lionsklúbbsins Fjörgynjar.

Allur ágóði af stórtónleikunum rennur til Barna- og unglingsdeildar LSH (BUGL).

Fyrir hönd félaga í Lionsklúbbum Fjörgyn þakka ég öllum áheyrendum og listamönnum stuðninginn við gott málefni.

*Guðmundur Helgi Gunnarsson
formaður Lionsklúbbsins
Fjörgynjar.*



Hörður Pálsson, formaður Lkl. Vestmannaeyja 2004 - 2005



Fuglaskoðunarpallur



í Stórhöfða, Vestmannaeyjum

Margra ára hugmynd hefur orðið að veruleika á þessu vori, nú, þegar tekinn hefur verið í notkun fuglaskoðunarpallur í Stórhöfða.

Í samvinnu Ferðamálasamtaka Vestmannaeyja og Lionsklúbbs Vest-

manneyja var hugmynd Margo Renner um útsýnispall í Stórhöfða hrint í framkvæmd. Lionsklúbburinn fékk Húsasmiðjuna til liðs við sig sem gaf efni í pallinn ásamt verktafyrirtækinu Steina og Olla, sem

gaf góðan afslátt af steypu sem notuð var til festingar á uppistöðu pallsins og sá Gámaþjónusta Vestmannaeyja um að flytja steypuna.

Félagar Lionsklúbbsins sáu alfarið um smíði pallsins sem hangir utan í

snarbrattri hlið og undir ólgar Atlantshafið. Verkið tók um þrjár vikur í vor og er mikil ánægja meðal ferðamanna að geta nú skoðað lundann í allri sinni dýrð og virt hann fyrir sér í návígi.



SKONDIÐ • SKONDIÐ • SKONDIÐ • SKONDIÐ

Hvernig væri að við kæmum heim til mín að hlusta á plötur ?

Ætlar þú að lofa því að við hlustum bara á plötur ?

Ég lofa því.

Og hvað ef ég hef engan áhuga á plötum ?

Nú, þá getur þú bara klætt þig og farið heim.



Það er aðeins eitt verra en veik börn þegar maður er sjálfur hraustur og það eru hraust börn þegar maður er sjálfur lasin.



Nýji presturinn í bænum.

Einu sinni var gamall prestur sem var búinn að fá nóg af því að fólkið í sókninni hans var alltaf að játa framhjáhöld í ritningarstólnum.

Einn sunnudaginn í messu sagði hann „Ef að ég heyri eina manneskju enn játa framhjáhöld þá hætti ég!“

Öllum líkaði vel við prestinn svo að þau fundu uppá leyniorði. Ef einhver þyrfti að játa framhjáhöld þá myndi hann segja í staðinn að hann hefði dottið.

Þetta virtist vera ásættanlegt fyrir prestinn og gengu hlutirnir vel þangað til að presturinn lést af elli.

Nokkrum dögum eftir að nýji presturinn kom fór hann á fund hjá bæjarstjóranum, mjög áhyggjufullur.

„Bæjarstjóri, þú verður að gera eitthvað í þessu með gangstéttarnar hérna. Þegar að fólk kemur í ritningarstólinn minn þá segja þau öll að þau hafa dottið!“

Bæjarstjórinn áttaði sig á því að enginn í bænum væri búinn að segja honum frá leyniorðinu og byrjaði að skellihlægja. En áður en að hann gat útskýrt þetta benti presturinn reiðilega á hann og sagði:

„Ég skil ekki afhverju í ósköpunum þú ert að hlægja, konan þín er búin að detta þrisvar sinnum í þessari viku!“



Unglingaskipti

KRÓATÍA

Ferðasaga Berglindar og Dagnýar

Við heitum Berglind (frá svæði 4 í 109 A) og Dagný (frá svæði 1 í 109 B). Við fórum á vegum Lions til Króatíu í þriggja vikna ferð þann 28. júní 2005. Fyrstu 10 dagana vorum við hjá sitt-hvorri gistifjölskyldunni. Við vorum þó svo heppnar að fjölskyldur okkar búa í sama bæ, bænum Cakovec sem er í um klukkutíma akstursfjarlægð frá höfuðborginni Zagreb. Þar sem fjölskyldur okkar þekktust fengum við að gera ýmislegt saman, svo sem að fara í þjóðgarðinn Plitvitza, í sundlaugargarða í Króatíu og Slóveníu, út að borða og á kaffihús.

Þjóðgarðurinn og Zagreb.

Ferðin í þjóðgarðinn var allveg ógleymanleg og er þetta án efa fallegasti staður sem við höfum komið á. Einn daginn fórum við til Zagreb og þar fengum við að skoða mjög merkilegt hús þar sem forsetinn heldur mikilvæga fundi. Húsið á sér mjög langa sögu og er fullt af munum, listaverkum og húsgögnum frá barroktímabilinu. Það var sannur heiður að fá að koma og skoða húsið og skrifstofur forsetans því yfirleitt er bara þjóðarleiðtogum og þingmönnum leyfður aðgangur. Við fórum inn í einkaskrifstofur forsetans þar sem málverkin eru svo verðmæt að þar inni má ekki borða, drekka né opna glugga.

Blaðamannafundurinn.

Daginn áður en við fórum frá fjölskyldunum vorum við boðaðar til blaðamannafundar á skrifstofu bæjarstjórnar, þar sem biðu okkar blaðamenn, ljómyndarar og sjónvarps-



Böll og Dagný.

fréttamenn. Okkur var dálítið brugðið því við áttum ekki von á svona stórum fundi, en okkur gekk vel að svara spurningunum og fundurinn fór vel fram. Í lok fundarins gaf bæjarstjórn okkur bækur og minjagripum um Cakovec. Þessi fundur var haldinn vegna þess að það höfðu aldrei verið Íslendingar í Cakovec á vegum Lions eða annarra samtaka. Við lærðum mikið af því að búa hjá annarri fjölskyldu og það var mjög forvitnilegt og skemmtilegt að kynnast annarrar þjóðar síðum og venjum.

Unglingabúðirnar.

Eftir þessa 10 daga fórum við til Split og hittum 17 aðra krakka sem einnig voru staddir í Króatíu á vegum Lions. Þátttakendurnir voru frá 13 löndum víðsvegar um heiminn. Nú hófust búðirnar þar sem markmiðið var að kynnast löndum og menningu hinna þátttakendanna.

Fyrri hluti búðanna var sigling á seglskipi um Adria-hafið. Fyrri hluta dags sigldum við í átt að nýrri höfn og stoppuðum yfirleitt á góðum stað

til þess að synda, spila sundbolta eða fórum á strönd. Þegar komið var í höfnina fórum við á söfn í skoðunarferðir og fengum frjálsan tíma til þess að skoða okkur um. Kvöldmatinn borðuðum við á skipinu eins og morgunmat og hádegismat. Eftir kvöldmatinn fengum við frjálsan tíma sem við notuðum til þess að skoða lífið í bænum. Við skoðuðum marga áhugaverða staði s.s rómverskar rústir, margar fallegar kirkjur, gamla notalega bæi og náttúrufergurðin kom okkur virkilega skemmtilega á óvart.

Siglingin fannst okkur skemmtilegasti hluti ferðarinnar. Þrengslin á bátunum urðu til þess að við kynntumst hvert öðru fljótt og vel og til allrar hamingju kom öllum vel saman og við eignuðumst marga góða vini. Í áhöfn skipsins voru fjórar manneskjur sem voru alveg frábærar en það sem tryggði góða ferð var hversu yndisleg hjónin sem sáu um búðirnar voru. Þau hétu Vanja og Ivo. Vajna er Lionskona og lækni og sá til þess að alltaf væri hugsað vel um okkur. Ivo er ekki í Lions en kom með af sinni einskæru góðmennsku okkur til mikillar ánægju. Þó að Ivo sé maður á miðjum aldri var hann hressari en við flest, alltaf til í sunbolta í köldum sjónum og brandarglens fram eftir nóttu.

Heimavistin.

Síðustu fjóra daga ferðarinnar vorum við á heimavist í borginni Split sem er við strönd Króatíu. Þar hittum við Mario, son Vönju og Ivos sem sá um að sýna okkur borgina og skemmtilega staði. Líkt og foreldrar hans var hann frábær í alla staði og varð strax góður vinur okkar allra. Í

Split fórum við í tvær rútuferðir og skoðuðum náttúruna og bæina í kring, meðal annars stórmerkilegar rómverskar minjar. Þar á meðal forna höll sem núna hefur verið breytt í safn og menningarhús. Síðasta daginn fórum við á fyrirlestur um eina tegund mengunar í Adria-hafinu og um kvöldið var kveðjumatarboð fyrir okkur, gistifjölskyldur okkar og meðlimi í Lionsklúbbi Split. Þar héldum við hæfileikasýningu þar sem við tvær sýndum íslenska glímu. Í boðinu fengum við afhenta bók með upplýsingum um þátttakendurna og gistifjölskyldurnar, dagskrá ferðarinnar, myndum og dagbókum sem við höfðum skrifað meðan á búðunum stóð. Vanja bjó til bókinna og Ivo útbjóg fyrir okkur disk með myndum sem hann hafði tekið í ferðinni.

Kveðjustundin.

Eftir matarboðið fórum við öll með teppi út á strönd og sátum þar og spjölluðum alla nóttina þangað til þeir fyrstu áttu að fara í flug. Kveðjustundin var erfiðari en okkur hafði grunað og sá maður nokkur tár falla hér og þar. Þó hugguðum við okkur við það að við munum sjá alla krakka aftur því að við stefnum á að hittast á Spáni næsta sumar.

Þessi ferð var lærdómsríkari en við áttum von á. Það sem okkur þótti merkilegast var að sjá merki um stríð sem gerðist í okkar tíð. Fyrir okkur sem Íslendinga er stríð eitthvað mjög fjarlægð sem gerðist fyrir langa löngu, þannig að sjá húsarústir og byssuskot í veggjum minnti okkur á að enn er margt að í heiminum og hvað við höfum það gott hér á Íslandi. Þó er órtúlegt að sjá hversu vel landið hefur jafnað sig á stríðinu því tíu ár í sögunni er afskaplega stuttur tími.

Þessi ferð var fyrir okkur algjörlega ógleymanleg og ómetanleg reynsla sem við munum alltaf búa að. Við viljum þakka fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að kynnast þjóð og menningu Króatíu á svo margvíslegan og skemmtilegan hátt.

Berglind Böll Heimisdóttir, Lionsklúbbi Laugardals og Dagný Daniëldóttir, Lionsklúbbum Nirði.



Allur hópurinn fyrir utan bátinn.



Báturinn okkar.



Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegra jóla og farsæls komandi árs



Einar Farestveit og co.
Borgartúni 28, Reykjavík



Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegra jóla og farsæls komandi árs



EIGNAMIDLUN
sími: 588 9090 • fax: 588 9095 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík
eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is



Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegra jóla og farsæls komandi árs



SOLARK-ARKITEKTAR HUGVERKSHÚS
BÆJARHÁLIN 2 220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 561 2707 GSM 861 2707 GSM 869 2707
ARKITEKTAR@SOLARK.IS WWW.SOLARK.IS

● HÖNNUN
● RÁÐGJÖF
● NYRÐINGAR
● BREYTINGAR
● INNAHUSHÖNNUN



Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegra jóla og farsæls komandi árs



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions
fáanleg hjá öllum
Lionsklúbbum og á skrifstofu
Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
Styrkjum fjölbreytt líknarverkefni
Lionshreyfingarinnar

Lionshreyfingin

**Lionsfélagar,
Lionessur og makar
takið eftir!**

**Úrval fallegra
Lionsmuna
fást til jólagjafa**

Lionsskrifstofan

Nýliðanámsskeið 16. febrúar 2006



HVAÐ ER LIONS?
„Lionsfjölskyldan“

Námskeið fyrir

- nýja, nýlega eða vaxandi félaga, ásamt meðmælenda eða öðrum klúbbfélaga,
- félaga sem vilja rifja upp, halda sér ferskum og fylgjast með því sem er aðgerast í Lions,
- félaganefndirog aðra Lionsfélaga sem vilja geta gefið upplýsingar um hreyfinguna og sett nýja félaga inn í hlutina,
- maka og fjölskyldur félaganna, sem vilja kynnast hreyfingunni og hvað hún hefur upp á að bjóða.

ALLIR VELKOMNIR

Efni: Fræðsla um sögu, uppbyggingu, markmið og verkefni Lions, sem er stærsta þjónustuhreyfing í heimi. Hvernig vinnum við með ungu fólki á Íslandi? Hvað getur Lionshreyfingin gert fyrir þig og þína fjölskyldu?

Kennari: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar
Tími: Fimmtudagur 16. febr. 2006 kl. 20:00-22:00.
Staður: Lionsheimilið, Sóltúni 20, Reykjavík.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku
á Lionsskrifstofu s. 561-3122, fax 561-5122,
netfang: lions@lions.is
EDA
fræðslustjóra fjöllumdæmis:
Hrund Hjaltadóttir sími 566-7686 hrundh@itn.is

Minning

Guðrún Guðmundsdóttir

f. 15. 11. 1930 – d. 15. 01. 2005



Guðrún Guðmundsdóttir fæddist á Ísafirði 1. nóvember 1930. Hún lést á LSH að kvöldi 15. janúar síðastliðins.


Fyrir hönd Lionessklúbbs Keflavíkur vil ég þakka Guðrúnu Guðmundsdóttur allar ánægjustundirnar sem við áttum með henni bæði í starfi og á gleðistundum undanfarin 23 ár. Guðrún

lagði sitt af mörkum við störf okkar að fjáröflunum til líknarmála allt frá því hún gekk til liðs við klúbbinn á fyrsta starfsári hans 1982. Hún gegndi ýmsum trúnaðarstörfum í stjórn og nefndum og var formaður klúbbsins 1992-93. Á jólafundi okkar hinn 14. desember á síðasta ári var hún hrókur alls fagnaðar eins og svo oft á slíkum stundum og þannig vilj-

um við minnst hennar um ókominn ár.

Guð blessi minningu Guðrúnar Guðmundsdóttur og veiti fjölskyldu hennar styrk.

Fh. Lionessklúbbs Keflavíkur,
Ada Elísabet Benjamínsdóttir



Porkell Björnsson, Lkl. Húsavíkur

Lionsfélagi

kvaddur

Ólafur Erlendsson

Ólafur Erlendsson var jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju 29. október sl. Hann var einn af stofnendum Lionsklúbbs Húsavíkur árið 1965, fyrir 40 árum.



Ólafur fæddist á Jörva í Kolbeinsstaðahreppi í Hnappadalssýslu 24. apríl 1926.

Níu ára gamall flyst hann með fjölskyldu sinni til Reykjavíkur. Árið 1953 kynntist Ólafur konu efni sínu Helenu Hannesdóttur frá Húsavík. Þau giftu sig 1956 og 1962 fluttu þau til Húsavíkur og þar bjuggu þau síðan.

Fyrst eftir komuna til Húsavíkur starfaði Ólafur hjá sýslumannsembættinu á staðnum. Árið 1971 gerðist hann framkvæmdarstjóri Sjúkrahúss Húsavíkur og gegndi þeim starfa allt til ársins 1994 þegar hann lét af störfum vegna aldurs.

Ólafur var afar farsæll í starfi sem framkvæmdastjóri Sjúkrahússins, vel liðinn af starfsfólki jafnt sem sjúklingum. Hann hafði afar ljúfa lund, glettinn og spaugsamur og sá hlutina með jákvæðu hugarfari. Þessir eiginleikar nýttust honum vel í erilsömu starfi.

Ólafur var hávaxinn og glæsilegur maður, alltaf vel til fara og framkoman var höfðingleg. Samkvæmismaður var hann góður og jafnframt hrókur alls fagnaðar á mannamótum. Hann sat í bæjarstjórn Húsavíkur kjörtímabilið 1978- 1982, fyrir Alþýðuflokkinn og sat í mörgum nefndum á vegum flokksins. Hann var sannur eðalkrati eins og þeir gerast bestir, hugsjónamaður með mikinn áhuga og skilning á samfélaginu.

Við, félagar hans í Lionsklúbbi Húsavíkur, minnumst hans sem afburða skemmtilegs félaga.

Hann sótti fundi mjög vel og var virkur í starfi og gegndi öllum helstu störfum í klúbbum, m.a. formennsku. Hann var afskaplega glaðvæg og jákvæður maður, mikill fjölskyldumaður og stoltur af sínu fólki, enda afar farsæll í einkalífi.

Lionsklúbbur Húsavíkur þakkar Ólafi Erlendssyni fjögurra áratuga farsælt samstarf sem aldrei bar skugga á. Jafnframt sendum við eiginkonu hans, dætrum, barnabörnum og öðrum aðstandendum innilegar samúðarkveðjur. Guð blessi minningu Ólafs Erlendssonar.

Minning

Gunnar Oddur Sigurðsson

f. 20. 02. 1935 – d. 29. 11. 2005

Félagar í Lionsklúbbum Fjölmi hafa kvatt virtan og ötulan liðsmann.

Gunnar kom í klúbbinn okkar haustið 1998, þegar hann flutti til Reykjavíkur en hann hafði áður starfað lengi í Lionsklúbbum Hugan á Akureyri. Hann hafði starfað mikið innan Lionshreyfingarinnar á landsvísu og m.a. verið umdæmisstjóri í umdæmi 109B og var útnefndur Melvin Jones félagi árið 1992 en það er æðsta viðurkenning innan hreyfingarinnar.

Við gleðjumst alltaf þegar nýir menn koma til þess að vinna með okkur, því að verkefni eru nóg og alltaf þörf á að leggja lið þeim sem í vanda á.

Verkefni okkar klúbbs, Fjölmi, var lengi vel meðferðarheimilið að Víðinesi, en eftir að það var lagt niður tókum við upp samvinnu við meðferðarheimilið í Krísvík, þar sem verkefni hafa verið og verða lengi ærin.

Gunnar Oddur lét ekki mikið yfir sér þegar hann fór að mæta á okkar fundum og fæstir okkar þekktu manninn af fyrri störfum, og við vissum því lítið við hverju ætti að búast. En það þurfti ekki að velkjast lengi í efa um hvernig Gunnar myndi vinna með okkur þegar að verkefnum kom, hann



var ávallt í fremstu röð þeirra sem á verkefni réðust, og alltaf tilbúinn að veita ráð og leiðbeiningar, og strax sýndi sig að hann tók af miklum reynslusjóði sem okkur hefur orðið mikill happafengur.

Klúbburinn okkar fagnaði 50 ára afmæli sl. vor og var Gunnar Oddur formaður afmælisnefndar. Á fyrsta fundi síðasta starfsárs kynnti Gunnar fyrir okkur félögum myndarlegan söfnunarbauk í ljónslíki, sem hlaut nafnið „Fjöllí“. Var hann látinn ganga á milli manna á öllum fundum vetrarins og safnaðist í hann dágóð upphæð sem gerði klúbbum kleift að gera afmælishátíðina sem veglegasta.

Við Fjölismenn vottum eiginkonu Gunnars, Margréti Þ. Þórðardóttur og öllum þeirra nákomnu ættingjum og vinum innilega samúð við fráfall Gunnars, og um leið þökkum við góð kynni sem við allir hefðum viljað að yrðu lengri og nánari.

Við kveðjum Gunnar með söknuði og fullvissu um að við kynntumst góðum og ósérhlífnum manni sem vildi leggja öllum lið í fullri einlægni og í fullu samræmi við einkunnarorð Lionshreyfingarinnar.

Fh. Lionsklúbbsins Fjölmi
Þórhallur M. Einarsson, formaður

Nýtt!



FRAMTAK
BLOSSI ehf

Nýtt!

Drangahrauni 1-1b Hafnarfjörður
Sími: 555 6030 • Fax: 555 6035
Heimasíða: <http://www.framtak.is>

**Atvinnubílstjórar, jeppamenn
og aðrir bifreiðaeigendur athugið**

**Nýtt bíla- og tækjaverkstæði
Allt á sama stað**



Bilanagreining og viðgerðajónusta á eldsneytiskerfum
BOSCH – DELPHI – DENSO – DIESEL KIKI – STANADYNE – ZEXEL

Olíuverk – Spissar

Afgastúrbínur – Allar stærðir og gerðir

BBC – GARRETT – HOLSET – IHI – KKK – MITSUBISHI – SCHWITZER

Tölvustýrðir jafnvægisstillibekkir



Túrbínur



Startarar



Túrbínuviðgerðir
Jafnvægisstillingar



Spissar, glóðarkerti og
annar búnaður fyrir
eldsneytiskerfi dieselvéla



Alternatarar

Hafið samband eða lítið við

Drangahrauni 1-1b – 220 Hafnarfjörður
Sími 555 6030 – Fax 555 6035
Netfang: bjorn@framtak.is

Gleðileg jól!



Fjölumdaemisstjórn Lionshreyfingarinnar
á Íslandi sendir öllum Lionsfélögum
og fjölskyldum þeirra
sínar bestu jóla- og nýársóskir

Geir Hauksson
fjölumdaemisstóri

Guðmundur Rafnar Valtýsson
umdæmisstjóri 109A

Valdimar Þorvaldsson
umdæmisstjóri 109B

2006

Víðarrsblótíð

2006

verður í Versölum við Hallveigarstíg (Hús lónaðarins),
laugardaginn 14. janúar.

Húsið opnar kl. 12:00

og dagskráin hefst kl. 13:00.

Ræðumaður er Jón Baldvin Hannibalsson,

blótsstjóri er Halldór Einarsson (Henson),

miðaverð er kr. 5.000 -.

Hægt er að panta miða í sínum:

892 7801, 864 3321, 898 7126 og 899 5239.

Lionsklúbburinn Víðarr